



Réttlætis- og þróunarflokkurinn í Tyrklandi

Leiðin til valda og áhrifa

Ármann Snævarr

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Júní 2013



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Réttlætis- og þróunarflokkurinn í Tyrklandi
Leiðin til valda og áhrifa

Ármann Snævarr

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði
Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ármann Snævarr 2013
180181-4669

Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um leið Réttlætis- og þróunarflokksins í Tyrklandi til áhrifa og valda. Stjórn málasaga Tyrklands einkennist að miklu leyti af átökum milli ólíkra aflu samfélagsins. Íslamskir stjórn málaflokkar hafa starfað innan lýðveldisins um langt skeið og á Réttlætis- og þróunarflokkurinn rætur sínar að rekja til þeirra. Réttlætis og þróunarflokkurinn komst til valda árið 2002, þá sem nýr flokkur, vegna þeirrar fjárhagskreppu sem skolið hafði á í landinu. Almennigur hafði misst trúna á gömlu stjórn málaflokkunum. Réttlætis- og þróunarflokkurinn lagði áherslu á að halda áfram vegferð Tyrklands í átt að aðild að Evrópusambandinu. Hann komst hvorki til valda né hefur haldið völdum vegna þess að hann er íslamskur stjórn málaflokkur. Gott efnahagsástand og stefna Réttlætis- og þróunarflokksins um breytingar á stjórnarskrá landsins eru m.a. stærstu ástæðna þess að flokkurinn hefur haldið völdum og bætt við sig fylgi. Þá eru vinsældir Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra Tyrklands, og formanns flokksins, einnig mikilvægar ástæður þeirrar velgengni.

Abstract

This thesis examines the reasons for the success of the Justice and Development Party in Turkey (JDP) in gaining power and influence. The Turkish military has often overthrown democratic governments in Turkey because of its fear of Islamic influences and because of general unrest in the country. The political history of Turkey has been influenced greatly by the constant struggle between different interest groups. Islamic political parties have been active for a long time in the politics of Turkey and the JDP has its roots in them. The JDP, a new political party, came to power in 2002 because of the financial crisis in the country. The general public had lost faith in the old political parties. The JDP also put emphasis on continuing Turkey's journey towards European membership. The party did not come to power because of its religious background. The country's economic situation and the JDP's policy of changing the constitution are among the biggest reasons for the party's power and growing support. The popularity of Recep Tayyip Erdogan the prime minister and chairman of the party are also important reasons for the party's success.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA prófs í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og er hún metin til 12 eininga (ECTS) af 180 grunneininga námi. Leiðbeinandi minn var Silja Bára Ómarsdóttir og kann ég henni bestu þakkir fyrir alla hennar aðstoð við gerð ritgerðarinnar. Þá þakka ég sérstaklega eiginkonu minni, Zeynep Sidal Snævarr, fyrir að vera innblástur minn í því að skrifa þessa ritgerð. Ást hennar og hlýja héldu mér gangandi er ég þurfti á að halda. Foreldrum mínum, þeim Valborgu Þóru Snævarr og Eiríki Thorsteinsson, verð ég ævinlega þakklátur fyrir að styðja mig og hvetja frá því ég man eftir mér. Að lokum vill ég tileinka ritgerðina minningu ömmu minnar, Valborgar Sigurðardóttur, og afa míns, Ármanns Snævarr.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Abstract	4
Formáli.....	5
1 Inngangur	7
2 Tyrkland og rætur RPF	9
2.1 Lýðræðiskosningarnar árið 1950 og áhrif þeirra	10
2.2 Þjóðarviðhorfið.....	12
2.3 Velferðarflokkurinn.....	14
3 Tyrkland í dag og RPF	19
3.1 Valdaránið frá 28. febrúar 1997.....	21
3.2 Ólík framtíðarsýn – RPF verður til	22
3.3 Recep Tayyip Erdogan	24
3.4 RPF – Innra skipulag	26
3.5 Gagnrýni á RPF	27
4 Kosningar í Tyrklandi og RPF	30
4.1 Kjósendur í Tyrklandi og stuðningur við RPF	32
4.2 Kosningarnar árið 2007	34
4.3 Stjórnarskrákosningar árið 2010	36
4.4 Kosningarnar árið 2011 og framtíðin	38
5 Niðurstaða	40
6 Lokaorð.....	42
Heimildaskrá.....	43

1 Inngangur

Moskurnar eru herbúðir okkar

Hvolfpökin eru hjálmar okkar

Bænaternarnir eru byssustingir okkar

og hinir trúuðu eru hermenn okkar

Ljóðið sem ritgerðin hefst á er eftir Ziya Gökalp og var flutt af valdamesta manni Tyrklands, Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra, á kosningafundi árið 1998 (Yavuz 2009, 67). Stjórnsmál snúast um völd, völd til þess að hafa áhrif á samfélagið sem er byggt upp af einstaklingum sem hafa mismunandi markmið eða sýn á lífið. Ef velgengni stjórnsmálaflokka er mæld í kjörfylgi og áhrifum á samfélagið sem þeir starfa í, þá myndi Réttlætis- og þróunarflokkurinn í Tyrklandi, hér eftir nefndur RPF, teljast einn sigursælasti stjórnsmálaflokkur heimsins síðustu 15 árin. Hið enska nafn flokksins er Justice and Development Party. Þegar tekið er með í reikninginn að leiðtogi hans var dæmdur í fangelsi fyrir það að fara með ljóð er árangurinn enn áhugaverðari.

Þegar þetta er skrifað eru spennandi tímar framundan í tyrkneskum stjórnsmálum. Hugmyndir eru uppi um það að gera róttækar breytingar á samfélagskipaninni, breytingar sem gætu skilað sér í nýrri stjórnarskrá og nýrri stjórnskipan. Ljóst er að núverandi stjórnarflokkur, RPF, er alltaf að öðlast sífellt meira sjálfstraust til breytinga. Á meðan horfir heimurinn á og spyr sig hvort Tyrkland og RPF séu fordæmi fyrir því að íslam og lýðræði geti gengið saman, hönd í hönd. Til að svara þeirri spurningu þarf að skýra af hverju RPF komst til valda í Tyrklandi og hvaða hlutverki íslam gegndi í því ferli.

Í þessari ritgerð verður skoðaður sá jarðvegur sem RPF spratt upp úr. Þar koma mjög við sögu þau átök sem verið hafa innan tyrknesks samfélags, allt frá stofnun lýðveldis í landinu. Herinn í Tyrklandi hefur til dæmis nokkrum sinnum velt ríkisstjórnnum af stóli, bæði með beinum og óbeinum hætti. RPF byggir á eldri stjórnsmálaflokkum sem höfðu verið bannaðir af ráðandi öflum í samfélaginu. Þessir undanfarar RPF verða skoðaðir og drifkraftur þeirra sem breytingarafls. Fjallað verður um það hvernig RPF skilur sig frá

fyrri hreyfingum. Margir efast þó um að RPF sé eitthvað öðruvísi en fyrri íslamistaflokkar. RPF þarf stöðugt að verjast ásökunum um að flokkurinn vilji koma á sharia-lögum. Aðrir segja að uppgangur hans hafi leitt til frjálslyndari stefnu en annars væri. Fjallað verður um hlutverk hersins sem telur sig sérstakan verndara hins veraldlega ríkis. Í því samhengi verður m.a. litið til inngripa hans árin 1980 og 1997. Í hnotskurn má segja að skoðað verði hvernig það samfélag er sem fangelsar einstakling fyrir það að fara opinberlega með ljóð.

Árið 2002 komst RPF til valda. Fjallað verður um ástæður þess að flokkurinn sigraði kosningarnar og um áframhaldandi sigurgöngu flokksins í kosningum. Þá verður fjallað um innra skipulag flokksins. Uppgangur RPF verður þó ekki útskýrður án þess að skýra mikilvægi leiðtoga hans, forsætisráðherrans Recep Tayyip Erdogan.

Fyrst verður í ritgerðinni fjallað um stofnun lýðveldisins Tyrklands og því næst fjallað um Þjóðarviðhorf sem er hreyfing sem stjórnámálflokkar er byggja á trúarlegum grunni í Tyrklandi hafa fallið undir. Þá verða raktir þeir mikilvægu atburðir sem átt hafa sér stað í stjórnámálasögu Tyrklands eftir árið 1980. Fjallað verður um sögu Velferðarflokksins og stofnun RPF á rústum hans. Farið verður yfir helstu kosningar sem farið hafa fram í Tyrklandi frá því að RPF var stofnaður. Loks verður fjallað um hvað ráði því hvernig kjósendur í Tyrklandi ráðstafa atkvæðum sínum.

RPF á rætur sínar að rekja til fyrri hreyfinga sem létu trúmál sig varða. Flokkurinn hefur notið góðs af fjármálaöflum sem rutt hafa sér til rúms á undanförunum áratugum. Hann hefur tekið skref í átt að meiri markaðsvæðingu en áður þekktist. Þessi áhersla hefur komið í stað ríkisafskipta í efnahagsmálum. RPF gerði aðild að Evrópusambandinu eitt af sínum helstu baráttumálum og hefur það verið grundvöllur fyrir ýmsum breytingum innan tyrknesks samfélags. RPF hefur fyrst og fremst mótast af þeirri ólgu sem hefur verið í Tyrklandi sem komið hefur m.a. fram í miklu ofbeldi og inngripum hersins.

Ritgerð þessi er heimildaritgerð. Ekki er stuðst við sérstaka kenningu í ritgerðinni heldur er þetta frekar stjórnámálasaga. Heimildir eru sóttar í bækur og fræðilegar greinar um Tyrkland og stjórnámálafræði.

2 Tyrkland og rætur RÞF

Til þess að skilja þann jarðveg sem RÞF er sprottinn upp úr er nauðsynlegt að líta til upphafs hins tyrkneska lýðveldis. Við stofnun þess var það stefna stjórnvalda að reyna að hafa hemil á íslam. Áhersla var lögð á að gera landið líkara Evrópuríkjum og þar passaði íslam ekki inn. Reynt var að halda aftur af trúnni á meðal fólksins og þeim samtökum sem lögðu áherslu á íslamstrú (Gulalp 1999, 23). Þeir sem stjórnðu þessu ferli voru svo staðráðnir í því að nútímavæða Tyrkland að þeir litu svo á að nánast allt sem væri gamalt, væri vont (Ahmadov 2008,18). Ein af grundvallarstoðum hins nýja Tyrklands og leiðtoga þess, Mustafa Kemal Atatürk, var að Tyrkland væri veraldlegt ríki. Venjulega merkir slíkt að ríki og trú séu aðskilin. Sú er hins vegar ekki raunin í Tyrklandi, þó að talað sé um að þar sé veraldlegt ríki. Samkvæmt núverandi stjórnarskrá á ríkið að hafa yfirumsjón með trúar- og siðferðiskennslu í landinu (Tank 2005,5).

Þegar Tyrkir háðu sjálfstæðisbaráttu sína undir stjórn Atatürks árið 1919 var þjóðin orðin úrvinda af stríðspreytu. Stríð hafði staðið yfir frá síðustu dögum Ottamanaveldisins og Atatürk vantaði eitthvað til þess að hvetja sitt fólk áfram í þáverandi baráttu við ýmis erlend ríki. Atatürk gerði sér grein fyrir því að fátt væri öflugra vopn en trúin. Þjóðernissinnar undir forystu hans notuðu því trúna til þess að fá stuðning og sameina venjulegt fólk á sléttum Anatólíu. Tyrkir sigruðu í stríðinu og liðsinni imama, presta múslima, við að sameina fólkið hafði þar mikið að segja. Þegar þarna var komið sögu stóðu Tyrkir frammi fyrir erfiðri spurningu varðandi hlutverk trúarinnar í hinu nýja veraldlega ríki. Ekki var að þeirra mati hægt að aðskilja trúna og ríkið. Því töldu þeir nauðsynlegt að ef Tyrkland ætlaði að verða nútímalegt ríki, yrði ríkið að stjórna trúnni, en ekki trúin ríkinu. Nauðsynlegt væri að útiloka íslam frá stjórnámálum Tyrklands. Samhliða því var markvisst reynt að byggja stoðir undir veraldlegt ríki (Tank 2005, 5). Í upphafi reyndu stjórnvöld að láta trúna vera meira á sviði einstaklingsins (Shankland 2007, 360). Atatürk reyndi að draga úr áhrifum imamana sem túlkuðu trúartexta múslima fyrir venjulegt fólk. Þetta gerði hann t.d. með því að láta þýða Kóraninn, trúarrit múslima, yfir á tyrknesku. Með þessu var vald imamana veikt, því almenningur þurfti ekki endilega þeirra aðstoð til þess að skilja Kóraninn sem skrifaður var á arabísku (Tank 2005,6).

Íslam hafði áður verið hin opinbera trú Ottamanaveldisins. Þessu breyttu þjóðernissinnar árið 1929. Stuttu síðar, eða á tímabilinu 1933 til 1940, var svo trúarkennsla bönnuð í grunnskólum. Þetta var allt hluti af því að byggja upp þjóðernisvitund meðal Tyrkja. Einnig var farið að hylla fánann í byrjun tíma í skólum og syngja þjóðsönginn (Tank 2005,6). Þó að markmiðið hafi verið að fjarlægja íslam úr tyrkneskum stjórnámálum reyndust þær aðgerðir sem ráðist var í, mikilvægur hluti þess að tryggja að íslam yrði alltaf fyrirferðarmikið í stjórnámálum Tyrklands (Tank 2005,7). Þær samfélagsbreytingar, sem reynt var að koma á, höfðu einnig takmörkuð áhrif í raun. Enda þótt mikið af trúarlegum stofnunum, táknum og venjum væru bönnuð, voru þau enn til staðar (Caglar 2012, 22).

2.1 Lýðræðiskosningarnar árið 1950 og áhrif þeirra

Fyrstu lýðræðislegu fjölflokkakosningarnar í hinu tyrkneska lýðveldi fóru fram árið 1950. Niðurstaða kosninganna og afdrif sigurvegara þeirra höfðu víðtæk áhrif á Tyrkland, sem enn vara. Með tilkomu lýðræðislegs fjölflokkakerfis myndaðist meira svigrúm en áður fyrir þá kjósendur sem lögðu áherslu á mikilvægi trúarlegra gilda. Sigurvegari kosninganna var Adnan Menderes og flokkur hans Lýðræðisflokkurinn, hér eftir nefndur LF. Enska heiti flokksins er the Democratic Party. Menderes varð þar með fyrsti lýðræðislega kosni forsætisráðherra Tyrklands. Hann sat í því embætti til ársins 1960, eða í 10 ár samfelld (Shankland 2007, 360). Sigur Menderes kom mjög á óvart (Zurcher 2010, 217). LF var einstakur flokkur í sögu Tyrklands. Hann var fyrsti flokkurinn sem naut fjöldastuðnings og var með lýðræðislegt umboð fjöldans (Zurcher 2010, 218). Hann myndaði ríkisstjórn sem var hægrisinnuð og lagði meiri áherslu á einkageirann en áður hafði þekkst. Ríkið var þá mjög umsvifamikið í efnahagsmálum Tyrklands. Ataturk og arftaki hans, Ísmet İnönü, lögðu báðir áherslu á frumkvæði ríkisins í framleiðslu og iðnaði í landinu og átti ríkið fjölda fyrirtækja. Með sigri Menderes mildaðist afstaða ríkisins gagnvart íslam (Shankland 2007, 360). Flokkur hans var þó ekki trúarlegur flokkur, þó að margir kjósendur sem létu trúmál sig miklu varða hafi kosið hann (Yavuz 2009, 8).

Trúin varð áhrifameiri en áður, í stjórnsýslu og menntakerfi ríkisins eftir sigur Menderes. Ríkið fór að sjá um menntun imamana og að greiða laun þeirra.

Trúarskólum og moskum fjölgaði mjög eftir þessa breytingu. Ef samfélög í Tyrklandi gátu útvegað land og reist byggingarnar, þá borgaði ríkið laun starfsmanna þeirra. Miðstýring í trúmálum jókst og til varð sérstök trúarleg stofnun innan ríkisins til þess að halda utan um trúmál. Hún gefur t.d. út Kóraninn og ýmsar aðrar trúarbókmenntir og sér um að skipuleggja pílgrímsferðir til Mekka (Shankland 2007, 360).

Samband Menderes við herinn hafði alltaf verið flókið. Talið var að herinn væri enn hliðhollur fyrri valdhöfum og þá sérstaklega Ísmet İnönü. Á seinni hluta sjötta áratugar síðustu aldar hafði sambandið versnað mikið. Árið 1957 voru níu herforingjar handteknir og ákærðir fyrir að skipuleggja valdarán (Zurcher 2010, 238). Mikil ólga var í þjóðfélaginu árið 1960. Stjórnarandstæðingar gagnrýndu allt sem Menderes og LF gerðu (Zurcher 2010, 239). Herinn og ýmsir menntamenn töldu að LF væri að grafa undan arfleifð Ataturks og hins veraldlega ríkis. Þeir óttuðust að íslam væri að taka ríkið yfir (Zurcher 2010, 234). LF brást illa við þessari ólgu sem var kraumandi undir í þjóðfélaginu. LF skipaði nefnd árið 1960 sem var eingöngu skipuð harðlínumönnum úr þeirra röðum. Nefndin fékk mikið vald til þess að rannsaka andstæðinga sína. Á meðan á rannsókn nefndarinnar stóð var frelsi stjórnarandstæðinga til athafna skert mikið. Um leið fengu fjölmiðlar að finna fyrir rannsóknarnefndinni og var frelsi þeirra einnig takmarkað (Zurcher 2010, 240).

Þann 27. maí 1960, skömmu áður en nefndin átti að skila af sér niðurstöðum sínum, tók herinn yfir stjórn landsins. Adnan Menderes var handtekinn ásamt ráðherrum sínum (Zurcher 2010, 240). Í stóru borgunum, Istanbul og Ankara, var þessum fréttum fagnað sérstaklega af námsmönnum og menntamönnum. Viðbrögð annarra þjóðfélagshópa í landinu voru ekki jafn jákvæð (Zurcher 2010, 241). Það leið þó ekki langur tími þar til frjálssar kosningar voru haldnar að nýju, einu ári eftir valdatöku hersins (Zurcher 2010, 246). Sama ár var Menderes, fyrsti lýðræðislega kosni forsætisráðherra Tyrklands, tekinn af lífi fyrir ýmis brot á stjórnarskránni (Zurcher 2010, 248). Skiptar skoðanir eru um það hversu lögleg réttarhöldin yfir honum voru (Zurcher 2010, 247). Það má þó fullyrða að þeir dómara sem dæmdu hann voru andstæðingar hans í stjórnámálum (Zurcher 2010, 248). Almennt séð hefur tyrkneskur almenningur litið svo á að aftaka Menderes hafi verið mistök. Hann er ekki talinn hafa

gert eitthvað ólöglegra, eða misnotað vald sitt meira en forverar hans, eða þeir sem á eftir honum komu (Zurcher 2010, 248).

Myndin af líki Adnan Menderes, hangandi í snöru þeirri sem notuð var við hengingu hans, hefur sjálfsgagt verið ljóslifandi í huga margra stjórnmálamanna í Tyrklandi síðan, þótt ekkert verði fullyrt í þeim efnunum.

2.2 Þjóðarviðhorfið

Stofnun hins tyrkneska lýðveldis var, eins og áður sagði, jarðvegur sá sem RPF spratt upp úr. Flokkurinn er þó líka ávöxtur þeirra fræja sem sáð hefur verið í sögu tyrkneska lýðveldisins. Árið 1970 var stofnaður flokkur sem bar hagsmuni trúaðra kjósenda sérstaklega fyrir brjósti. Flokkurinn bar nafnið Þjóðarregluglokkurinn, á ensku the National Order Party, hér eftir nefndur ÖRF. Hann var bannaður af yfirvöldum árið 1971. Þriðji flokkurinn var svo Þjóðarþjörgunarflokkurinn, á ensku the National Salvation Party, hér eftir nefndur ÖBF. Hann var bannaður af yfirvöldum árið 1980. Fjórði og síðasti flokkurinn var svo Velferðarflokkurinn, á ensku the Welfare Party, hér eftir nefndur VF, sem starfaði árin 1983-1998, þegar hann var einnig bannaður. Einn og sami maðurinn, Necmettin Erbakan, var helsti drifkraftur allra þessara flokka. Hann var þar að auki formaður þeirra allra (Yildiz 2003, 187). Erbakan hafði einstakt lag á því að ná til fjöldans. Hann þótti frábær ræðumaður sem gat beitt íslamskri orðræðu á áhrifaríkan hátt. Hann var ekki aðdáandi framfara á sviði tækninýjungar eins og þær voru á tíma hans. Alþjóðafjármála- og viðskiptakerfið var einnig eitur í hans beinum (Shankland 2007, 361).

Þjóðarviðhorf, á ensku National View, er almennt notað sem hugtak, um þá hreyfingu stjórnmálaflokka í Tyrklandi sem byggja á trúarlegum grunni (Yildiz 2003, 188). Þrátt fyrir það að þessir flokkar hafi sprottið upp úr sama trúarlega jarðvegi eru þeir þó ekki allir alveg eins. Það voru ekki einungis trúmál sem þessi flokkar létu sig varða. Hægt er að hugsa um þá sem síendurtekna tilraun til þess að reyna að samrýma íslamskar hugmyndir við hugmyndir nútímans. Á bak við þetta má finna hugmyndir sem tengjast venjulegum hugmyndum súnní-íslam og einnig súfisma. Þjóðarviðhorfið tengist einnig ákveðnu hugarfari um sögulega þróun samfélagsins. Horft er til baka á sögu Tyrklands sem áður var stórveldi með rómantískum augum. Litið er svo á að finna

megi lausnir á vandamálum nútímans með því leita aftur í sögu Tyrklands og íslam. Takmarkið var alltaf að gera Tyrkland aftur að því stórveldi í mannkynssögunni sem það hafði verið. Leiðin til þess var að leggja áherslu á andlega og efnahagslega þróun samfélagsins. Framþróun samfélagsins átti að byggjast á gildum íslam (Yildiz 2003, 189). Nýta átti vísindi og tækni nútímans, sem byggð voru á afrekum múslima fyrri alda, til þess að byggja upp samfélag sem þó væri byggt á gömlum og góðum gildum. Talið var að vegna fyrri áherslna á það að líkja eftir vestrænum siðum og menningu, hefði tyrkneska þjóðin glatað siðferðislegum grundvelli sínum (Yildiz 2003, 190). Vegna þess að meirihluti forystumanna RPF eiga rætur sínar að rekja til hugmyndarinnar um þjóðarvitund er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim grunni sem hún er byggð á (Sen 2010, 59).

Þótt þessir flokkar hafi allir verið að lokum bannaðir, þá voru þeir ekki áhrifalausir á meðan þeir störfuðu. Þeir tóku til dæmis þátt í samsteypustjórnnum á 8. og 10. áratugnum (Sen 2010, 60). Trúarlegir flokkar í Tyrklandi hafa yfirleitt alltaf stutt flokka sem eru íhaldssamir miðju- og hægri flokkar (Caglar 2012, 22). Með setu sinni í samsteypustjórnnum gáfust flokkunum tækifæri til þess að rækta samband sitt við aðila, sem áttu eftir að reynast þeim mikilvægir seinna meir. Þetta voru viðskiptafrumkvöðlar sem áttu lítil og millistór fyrirtæki. Þeir áttu eftir að reynast mikilvægir fjárhagslegir stuðningsaðilar. Þessi fyrirtæki og einstaklingar nutu góðs af hinni hröðu iðnvæðingu og tilheyrandi fólksfjölgun í borgum (Sen 2010, 70). Innan þessara afla mátti finna marga íhaldssama, trúaða einstaklinga sem töldu að samningar hins opinbera færu ávallt til stórra fyrirtækjasamsteypa í stórborgum en þeir sjálfir sniðgengnir (Gulalp 1999, 29). Þessi hagsmunaöfl hafa mjög beitt fjárhagslegu afli sínu til þess að vinna hagsmunum sínum og trúflokkanna brautargengis (Sen 2010, 71).

Á meðan þjóðarbjörgunarflokkurinn, PBF, var starfandi lagði hann mikla áherslu á uppbyggingu þungaiðnaðar (Gulalp 1999, 26). Flokkurinn var mikill ríkisflokkur að því leyti að hann lagði áherslu á frumkvæði ríkisins í efnahagsmálum. PBF reyndi að tengja þau viðskiptaöfl sem að baki flokknum stóðu við þungaiðnaðinn sem ríkið átti að styðja við (Gulalp 1999, 27). PBF-flokkurinn fékk atkvæði sín að miklu leyti frá vanþróaðri héruðum Tyrklands og minni borgum (Gulalp 1999, 29). Bændum og fátæku fólki í vanþróðu héruðunum fannst eins og sífellt væri verið að vinna gegn hagsmunum

þeirra. Valdakjarninn sem starfaði í Istanbul og Ankara var talinn í engu sambandi við það sem var að gerast hjá venjulegu fólki í Tyrklandi. Mikil gjá var á milli þessara hópa og þeirra gilda sem þeir stóðu fyrir (Ahmadov 2008, 17). Tilraunin sem byrjaði á dögum Atatürks um það að neyða fólk til þess að verða veraldlegra var að mistakast. Stórum hópum samfélagsins fannst í raun þessi hugmynd um veraldlegt ríki snúast frekar um yfirráð eins hóps í samfélaginu yfir öðrum (Tank 2005, 7). Kraumandi óánægja hefur verið og er enn undirliggjandi í tyrknesku samfélagi. Almennt má segja að ákveðið valdatafl sé í gangi á milli hinna veraldlegu aflu og þeirra sem láta sig trúna meira varða (Haynes 2010, 316).

2.3 Velferðarflokkurinn

Í þessu andrúmslofti sem varð til vegna afskipta hersins, var VF stofnaður árið 1983, þegar fyrstu almennu kosningarnar fóru fram eftir yfirtöku hersins. Hann var talinn populískari flokkur en fyrirrennarar hans (Yildiz 2003, 187). Með honum var meiri áhersla lögð á efnahagslega stöðu einstaklinga heldur en áður hafði verið. Þó að hin íslömsku gildi, sem flokkurinn byggði á, væru enn til staðar, þá var þeim ekki hampað í sama mæli og áður hafði verið (Yildiz 2003, 188). Á meðan ÞBF-flokkurinn, sem kom á undan VF, lagði áherslu á það að hverfa aftur til hefðbundnari gilda, með íslam sem lykilinn að vandamálum samtímans, þá lagði VF meiri áherslu á að nútímavæða gildin og stofnanir samfélagsins (Ahmadov 2008, 22).

Sú áhersla sem var lögð á þungaiðnað hjá ÞBF-flokknum var ekki til staðar hjá VF. Frumkvæðið að efnahagsstarfsemi var heldur ekki talið liggja eingöngu hjá ríkinu. Hlutverk einstaklingsins var talið mikilvægara en áður. VF var þó ekki neinn frjálshyggjuflokkur. Stefna hans var mjög populísk og mátti greina marga mismunandi stefnuáherslur. Flokkurinn vildi berjast gegn spillingu, vernda umhverfið og minnka miðstýrða stjórnarsýslu. Einnig mátti finna mjög sósíalískar áherslur, þar sem talað var um að auðvaldið væri að misnota verkamenn og almennt talað gegn auðvaldsstefnu vestursins. VF taldi sig geta nýtt það besta úr bæði kapítalisma og kommúnisma (Gulalp 1999, 27). Samkvæmt stjórnarskrá flokksins á 10. áratugnum var lögð áhersla á að reyna að leysa vanda þess fjölda fólks sem flust hafði úr sveitum landsins til stærri borga. VF starfaði sem hálfgerð félagsstofnun fyrir hina fátæku. Flokkurinn dreifði til

dæmis fötum, mat og kolum fyrir kosningarnar árið 1995 (Tank 2005, 8). VF reyndi með þessum hætti markvisst að ná til fólks sem óánægt var með ríkjandi öfl í samfélaginu og fékk flokkurinn stuðning þess (Tank 2005, 7). Það átti við um marga mismunandi hópa samfélagsins og ekki er hægt að lýsa með einföldum hætti hinum venjulega stuðningsmanni flokksins (Tank 2005, 8). Með þennan breiða hóp á bak við sig var VF ekki eins veikur fyrir í stórum borgum og ÞBF hafði verið (Gulalp 1999, 30). Margar af þessum stoðum sem VF byggði á þessum tíma áttu seinna meir eftir að nýtast RPF mjög er flokkurinn bauð fram í fyrsta skipti (Shankland 2007, 364).

Þegar talað er um 9. áratuginn í Tyrklandi, og seinni tíma uppgang íslamskra flokka, er nauðsynlegt að minnast á velgengni Móðurlandsflokksins, á ensku the Motherland Party, flokk Turgut Özals. Flokkurinn sigraði í fyrstu lýðræðislegu kosningunum eftir valdarán hersins árið 1983. Á 10 ára tímabili, frá 1983 til ársins 1993, var Turgut Özal mikilvægasti stjórnmalaleiðtoginn í Tyrklandi. Hann varð fyrst forsætisráðherra árið 1983 og síðar forseti Tyrklands árið 1989. Flokkurinn var hægra megin á miðju stjórnmalanna og var Özal talinn jákvæður í garð íslam, þó að flokkur hans teljist almennt ekki tilheyra Þjóðarvitundarflokkunum (Ahmadov 2008,20). Özal var, líkt og Menderes áður fyrr, stjórnmalamaður sem höfðaði til trúarkjósenda, þó flokkurinn sem slíkur væri ekki trúflokkur í þeim skilningi sem t.d. ÞBF-flokkurinn var (Yavuz 2009, 8). Özal nýtti sér trúna á ýmsan hátt og leitaði hann t.d. til margra þeirra stjórnmalamanna ÞBF, sem bannaður hafði verið af hernum árið 1980, varðandi ýmis álitamál. Tókst honum að blanda trúnni saman við stefnu sem var mjög jákvæð í garð markaðsafla. Með þessu opnaði hann fyrir samstarf trúflokka og markaðsafla samfélagsins. Einn af kostum hans sem stjórnmalamanns var að hann var sveigjanlegur hvað snerti málefni samfélagsins. Hann sótti styrk sinn til margra ólíkra aðila í tyrknesku samfélagi (Ahmadov 2008, 20). Özal lagði einnig mikla áherslu á að Tyrkland gerðist aðili að Evrópusambandinu. Hann sá Evrópusambandið sem leið til þess að komast undan ofríki hinna veraldlegu afla innan tyrknesks samfélags, sem lögðu svo mikla áherslu á arfleifð Ataturks og mikilvægi hins miðstýrða ríkis (Ahmadov 2008,21).

Með frjálslýndari efnahagsstefnu lagði Özal grunninn að aukinni velsæld hinna litlu og meðalstóru fyrirtækja sem veittu íslömskum stjórnmalaoöflum mikilvægan stuðning. Þessum aðilum tókst að auka hlut sinn í efnahagslífi landsins á kostnað stærri fyrirtækja

sem áður höfðu notið velvildar ríkjandi afla (Ahmadov 2008,20). Samhliða þessum uppgangi fór að myndast ný millistétt, á kostnað þeirra sem áður höfðu talist til millistéttarinnar. Hin gamla millistétt hafði frekar tengst veraldlegum hugmyndum hins gamla Tyrklands (Ahmadov 2008,21). Rætur hinar nýju millistétta lágu á sléttum Anatólíu þar sem íslam var stærri hluti af lífi fólks í stjórnámum og félagslegum tengslum (Tank 2005, 7). Á fyrri hluta 10. áratugarins, eftir efnahagslega opnun hagkerfisins, var spilling mikið vandamál. Ofan á það bættist að stöðugleiki í stjórnámum var lítill. Samsteypustjórnir féllu og undiralda var í samfélaginu. Svigrúm var að opnast fyrir VF sem ekki var tengdur ráðandi öflum á þessum tíma (Caglar 2012, 25).

Hinn nýi tími rann upp árið 1996. Það ár myndaði VF samsteypustjórn ásamt mið- og hægri floknum, Hinni sönnu leið, á ensku the True Path Party. Við það varð Erbakan, leiðtogi VF, fyrsti forsætisráðherra Tyrklands sem kom úr trúarlegum flokkum Þjóðarviðhorfsins (Tank 2005, 9). Árið 1995 hafði VF orðið stærsti flokkurinn eftir þingkosningar í landinu (Caglar 2012, 25). Þó að VF væri stærsti flokkurinn var fyrst mynduð samsteypustjórn mið- og hægri flokka án aðkomu VF. Í dagblöðum á þessum tíma kom það fram að talið væri að herinn liti ekki á það sem vænlegan kost að VF tæki þátt. Það leið þó ekki á löngu þar til samsteypustjórnin féll og VF tók við stjórninni (Caglar 2012, 25).

Ástæða kosningasigurs VF árið 1995 voru ekki aðeins þær að hann væri íslamskur flokkur eða að kjósendur væru orðnir trúaðri en áður. Ástæðurnar fyrir sigri hans voru margar og flóknar (Caglar 2012, 25). Sem dæmi um þetta hafi flokkurinn sigrað í borgarstjórnarkosningunum í Ankara og Istanbul árið 1994. Sigurvegari flokksins í Istanbul var Recep Tayyip Erdogan sem síðar varð leiðtogi RPF. Þessar tvær borgir eru þær stærstu í Tyrklandi og var velgengi VF þar talin augljós vísbending um uppganginn hjá floknum (Gulalp 1999, 30). Velgengi borgarstjóra flokksins í stóru borgunum tveimur var ein af þeim ástæðum fyrir sigrinum sem ekki hefur verið minnst á. Þeir voru taldir hafa sýnt góða stjórnun á málum borgarbúa og bætt þjónustu við þá talsvert. Þeir voru einnig taldir hafa dregið úr spillingu í borgum sínum. Þetta hélst í hendur við mjög vel skipulagða kosningabaráttu VF í samanburði við aðra flokka sem buðu sig fram (Caglar 2012, 25).

Stjórn VF í ríkisstjórn einkenndist í fyrstu af málamiðlunum við samstarfsflokk sinn. Flokkurinn lagði áherslu á það að virðast vera ábyrgur flokkur sem gæti stjórnað. Mörgum fannst erfitt að sjá mikinn mun á því samkomulagi sem verið hafði milli fyrrverandi ríkisstjórnar og hinnar nýju. Það nægði hins vegar ekki ráðandi öflum í hernum og stjórnarandstöðunni sem og ákveðnum hluta almennings. Mikið var rætt um hina yfirvofandi hættu sem stafaði af íslam og velferð hins veraldlega ríkis (Caglar 2012, 26). Þessir aðilar bentu á ýmis dæmi máli sínu til stuðnings. Helst var talað um bannið við höfuðklútum í háskólum sem rætt var um að afnema, vilja Erdogan borgarstjóra Istanbul til þess að byggja mosku á Taksim-torgi í Istanbul og opnun landleiðar til Mekka fyrir pílgríma. Mörgum fannst svo fjölmiðlar kynda undir bál óánægjunnar með ýmsum hætti (Caglar 2012, 27).

Margir lýstu áhyggjum af þróun mála hjá sumum þeirra bæjarstjóra landsins sem komu úr VF. Í Konya, sem er íhaldssöm borg og fæðingarstaður Erbakan, leiðtoga Þjóðarviðhorfs, var áfengi bannað og settar reglur um klæðnað kvenna. Í bænum Sincan kom svo upp atvik sem varð kveikjan að því að herinn keyrði um bæinn á skriðdrekum sínum í þeim eina tilgangi að minna á sig. Atvikið kom upp þegar sendiherra Íran hélt umdeilda ræðu á opinberum fundi gegn Ísraelsríki sem skipulagður var af bæjarstjóra VF í Sincan. Í ræðunni færði sendiherrann rök fyrir því að það ætti að setja á sharia-lög í landinu. Sendiherranum var í kjölfar ræðunnar vísað úr landi og bæjarstjórinn í Sincan handtekinn (Tank 2005, 10).

Ákveðnar ákvarðanir sem Erbakan forsætisráðherra tók varðandi utanríkismál voru einnig gagnrýndar. Litið var á þær sem sönnun þess að eitthvað óeðlilegt væri á seyði sem ekki væri í anda hins veraldlega ríkis. Erbakan fór í fyrstu opinberu heimsóknir sínar sem forsætisráðherra til íslamskra landa, t.d. Líbíu og Íran. Andstæðinga Erbakan grunaði að með þessum ferðum væri hann að reyna að styrkja samband Tyrklands við hinn íslamska heim í utanríkismálum. Tyrkland hefur reynt að hafa nánari tengsl við Vesturlönd en önnur lönd íslam og þótti mörgum þetta því slæmt merki. Að auki var hann að vinna að því að bæta samskipti við herskúa íslamska hópa, líkt og Hamas, Hizbollah og hið íslamska bræðralag í Egyptalandi (Tank 2005, 9). Ljóst var að mikill spenna var í loftinu. Sterk hagsmunaöfl höfðu vaxandi áhyggjur af því sem þeim fannst

vera hættumerki í samfélaginu. Að lokum ákvað herinn að ekki væri hægt að una lengur við þetta ástand og greip til sinna ráða.

3 Tyrkland í dag og RPF

Tyrkneskt þjóðfélag hefur mótast mjög af afskiptum hersins. RPF hefur þurft að takast á við það hversu stóru hlutverki herinn hefur gegnt í málum samfélagsins. Til þess að átta sig á ýmsum þeirra mála sem flokkurinn og þjóðfélagið er að kljást við í dag, er nauðsynlegt að skilja hvað gerðist á árinu 1980 og hvaða afleiðingar það hafði á Tyrkland nútímans. Herinn átti þá stóran þátt í því að hrinda af stað atburðarás sem hann sá ekki fyrir er hann tók völdin þann 12. september 1980. Jaðarhópar í samfélaginu, sem áður höfðu verið valdalitlir, sóttu í sig veðrið. Landið átti með tímanum eftir að breytast gríðarlega hvað varðar að efnahagsmál, félagsmál og stjórnmál. Valdahlutfallið breyttist á milli mismunandi hópa samfélagsins sem kepptu um takmörkuð gæði landsins (Ahmadov 2008,21).

Baráttan um þessi gæði kom skýrt fram á seinni hluta 7. áratugarins í Tyrklandi. Hugmyndafræðileg átök á milli vinstri- og hægrimanna voru blóðug og landið var nánast á barmi borgarastyrjaldar. Á árinu 1980 er talið að u.þ.b. 3500 manns hafi látist af völdum ofbeldis í tengslum við stjórnmál og árin þar á undan hafði einnig fjöldi manna verið myrtur. Þingið gat ekki komið sér saman um það hvern ætti að kjósa sem forseta landsins. Þáverandi ríkisstjórn var svo veikburða að hún gat ekki haldið uppi lögum og reglu. Það var í þessu andrúmslofti sem herinn greip inn í og tók völdin. Herinn vék þinginu frá, ógilti stjórnarskrána, bannaði stjórnmalaflokka og setti leiðtoga þeirra í fangelsi (Ahmadov 2008,19).

Þegar herinn í Tyrklandi stígur inn á hið pólitíska svið, með beinum eða óbeinum hætti, réttlætir hann það á grundvelli þess að honum beri lagaleg skylda til þess. Hann telur sig vera verndara þess hugmyndafræðilega grunns er ríkið byggir á. Samkvæmt lögum frá árinu 1961, á herinn að vernda og verja tyrkneskt landsvæði og tyrkneska lýðveldið. Önnur lög segja einnig að hernum beri að verja landið gegn bæði innri og ytri áhættu og með valdi ef á þurfi að halda (Tank 2005, 8). Ein helsta arfleifð valdatöku hersins árið 1980 er stjórnarskrá sú sem herinn mótaði árið 1982 og er að mestu enn í gildi. Stjórnarskráin var samþykkt af almenningi í kosningum þar sem gagnrýni á hana var bönnuð (McLaren og Cop 2011, 512).

Eftir valdaránið árið 1980 var leitað leiða til þess að fá ólík öfl til þess að slíðra sverðin. Lausnin sem herinn sá var einföld. Hún fólst í því að sameina fólkið með trúnni, eins og Atatürk sjálfur hafði gert í sjálfstæðisbaráttunni. Herforingjarnir sáu að íslam var það sem gæti fært fólkið aftur saman. Þeir reyndu að samtvinna sínar eigin þjóðernishugmyndir við íslam. Trúin átti að halda samfélaginu saman. Trúarkennsla var gerð að skyldunámsgrein í skólum landsins og nýir trúarskólar risu upp um allt land. Herforingjarnir ýktu áhættuna af róttækum vinstri öflum og réttlættu með því ýmsar gjörðir sínar (Ahmadov 2008,19). Leiðtogi þeirra, Kenan Evran herforingi, sá trúna sem vopn til þess að verjast þessum öfga vinstriönnum að hans mati (Caglar 2012, 23). Hann vísaði oft í Kóraninn er hann útskýrði hugmyndir sínar um það hvernig ætti að halda uppi lögum og reglum. Evren vildi að íslam væri einhvers konar leiðarvísir fyrir borgarana. Með íslam átti fólk að komast í betra samband við sína innri samvisku og stuðla að því að allir kæmu betur fram við hvorn annan (Caglar 2012, 24). Vegna ákvarðana sem Evren og herinn tók, jukust áhrif íslam mjög í samfélaginu. Áhrif íhaldssamra afla jukust og íslam fékk alltaf meira og meira svigrúm í tyrknesku samfélagi (Caglar 2012, 24). Herinn breytti einnig kosningalögum landsins. Hann setti 10% atkvæða þröskuld sem flokkar urðu að ná til þess að fá sæti á þinginu. Með því að hafa svo háan þröskuld var herinn að reyna að koma í veg fyrir það að flokkar yst til hægri eða vinstri myndu komast inn á þing. Markmiðið var að aðeins tveir til þrjú stjórnmálaflokkar myndu ná mönnum inn á þing (Haynes 2010, 315).

Í sögulegu samhengi hefur herinn í Tyrklandi notið mikillar sérstöðu í samfélaginu. Ákveðin lög og venjur hafa gefið hernum gríðarlega mikið stofnanalegt sjálfstæði gagnvart borgaralegum öflum. Herforingjar hafa í krafti þessarar sérstöðu haft litla ástæðu til þess að líta á lýðræðislega kjörna fulltrúa sem yfirmenn sína. Sjálfstæði hersins sést ef til vill best á því að hann er með sitt eigið menntakerfi. Flestir yfirmenn í hernum koma úr heimavistarskólum hersins. Þessi heimavistarskólar hafa engin tengsl við menntamálaráðuneytið. Yfirmenn hersins hafa einir ákveðið hvaða hermenn fái stöðuhækkanir eða góðar stöður innan hersins. Tyrkneska þingið hafði ekki nein raunveruleg völd yfir hernum (Kuru 2012, 43). Herinn býr nánast í annarri veröld en annað fólk í Tyrklandi. Herinn er með sín eigin gestahús, sumarbúðir og veitingastaði. Að auki hafði herinn sitt eigið dómskerfi sem ekki var háð borgaralegum dómstólum. Herdómstóll gat t.d. réttað yfir borgara en borgaralegur dómstóll gat ekki réttað yfir

hermanni. Lengi vel fóru u.þ.b. 10% af fjárlögum ríkisins til hersins. Venjan var sú að þetta væri alltaf samþykkt á þingi án þess að nein gagnrýnin umræða færi fram um úthlutun skattfjár til hersins. Ekkert eftirlit var með því hvernig herinn notaði fjármuni þá sem hann fékk frá skattgreiðendum (Kuru 2012, 44).

3.1 Valdaránið frá 28. febrúar 1997

Ekki þurfa leiðtogar RþF að hugsa langt aftur í tíman til að finna dæmi um alvarlegar afleiðingar afskipta hersins af lýðræðislega kjörnum fulltrúum almennings. Aðeins fimm árum áður en flokkurinn komst til valda hafði herinn, með hjálp ýmissa annarra aflu, komið lýðræðislega kjörinni ríkisstjórn frá völdum. Þann 28. febrúar 1997 sendi herinn frá sér fréttatilkynningu eftir venjubundinn fund þjóðaröryggisráðsins. Aðdragandi þessa fundar var ólíkur aðdragandi fyrri funda. Fjölmiðlar höfðu þá fjallað um að á fundinum gæfist tækifæri fyrir herinn til þess að leggja línurnar fyrir stjórnvöld og það var einmitt það sem herinn gerði. Ríkisstjórninni var hótáð að ef hún myndi ekki grípa til ákveðinna aðgerða sem herinn tiltók, myndi herinn sjálfur grípa til aðgerða (Caglar 2012, 28). Erbakan forsætisráðherra lét sér fátt um finnast. Í stað þess að bregðast við kröfum hersins, þá reyndi hann að gera lítið úr þeim ágreiningi sem kominn var upp á milli hersins og stjórnvalda (Caglar 2012, 29).

Næsta skref tyrkneska hersins var þó ekki að grípa til vopna þótt Erbakan hlýddi honum ekki. Ólíkt fyrri valdatökum hersins þá greip herinn aldrei beint inn í árið 1997. Í stað þess notfærði hann sér ýmis borgaraleg öfl í samfélaginu til þess að ná fram markmiðum sínum. Þetta voru til dæmis háskólar, dómstólar, verkalýðsfélög, vinnuveitendasamtök og fjölmiðlar. Þessar stofnanir samfélagsins kölluðu eftir því með beinum og óbeinum hætti, að herinn myndi grípa til aðgerða gegn ríkisstjórninni (Caglar 2012, 29). Hlutverk fjölmiðla í því að grafa undan stjórnvöldum var sérstaklega mikilvægt. Mikið var gert til þess að magna upp hættuna af íslam og fullyrt að verið væri að misnota fávisku venjulegs almennings, af óprúttum aðilum í nafni íslam. Stjórnvöld voru sögð spillt og að í stað þess að vera að berjast gegn spillingu, væru þau að auka spillingu í samfélaginu (Caglar 2012, 30). Markmiðið með þessari herferð var einfalt: Að neyða ríkisstjórn VF til þess að segja af sér „sjálfviljug“ eða að herinn gerði það fyrir hana (Yavuz 2009, 65).

Hernum tókst að fá ólík hagsmunasamtök og stofnanir til þess að sameinast um það að reyna að koma lýðræðislega kjörinni stjórn frá völdum. Það tókst að lokum. Eftir að stjórnin sagði af sér tók við ný stjórn sem lagði sig fram um að fara að vilja hersins. Mikið var gert til þess að hreinsa samfélagið af íslömskum áhrifum. Eftir tímabilið frá árinu 1983, þar sem svigrúm hafði byrjað að myndast fyrir íslam, virtist það vera að minnka aftur. Sem dæmi um þetta var mörgum trúarskólum lokað til þess að hindra framgang nemenda sem höfðu trúarlegan bakgrunn. Afnumin voru lög sem talin voru hafa stutt trúarhópa við það að öðlast stjórn mála, efnahagsleg og félagsleg réttindi. Herlögreglan fékk aukin lagaleg réttindi til þess að bregðast við hættunni af íslömsku öflum (Caglar 2012, 33). Með því ferli sem hófst þann 28. febrúar 1997 gafst hernum og talsmönnum hinna veraldlegu afla tækifæri til þess að efla eftirlit og stjórn á öllu því sem þau töldu vera aðgerðir í þágu íslams eða annarra afla sem áttu að vera að vinna gegn hagsmunum hins veraldlega ríkis. Markvisst var reynt að gera trúuðum einstaklingum erfitt fyrir í efnahags-, mennta- og stjórn málum (Yavuz 2009, 65).

Þessi inngrip hersins í málefni samfélagsins höfðu mikil áhrif á framtíðarleiðtoga RPF. Recep Tayyip Erdogan áttaði sig á því litla svigrúmi sem hann hefði til þess að starfa innan stjórn mála Tyrklands. VF og sex stjórn málamenn úr hans röðum voru bannaðir. Þar á meðal var Erbakan og með því skapaðist svigrúm á sviði trúarstjórn mála fyrir yngri menn. Þetta voru þeir aðilar sem síðar stofnuðu RPF. Þeir höfðu þó alltaf endalok VF í huga (Yavuz 2009, 68). Stjórn málaflokkar urðu að halda sig innan þeirra marka sem stjórnarskráin hafði markað þeim. Ef þeir færu út fyrir þessi mörk væri hættan sú að herinn gripi inn í, dómstólar bönnuðu þá eða að önnur hagsmunasamtök myndu beita sér gegn þeim (Yavuz 2009, 69).

3.2 Ólík framtíðarsýn – RPF verður til

Til þess að skilja hvernig RPF komst til valda, og hvernig flokkurinn hefur getað stjórnað landinu í 11 ár samfelld, er nauðsynlegt að líta til þess sem gerðist hjá Velferðarflokknum. Fyrrum meðlimir VF klotuðu í tvo hópa eftir að flokkurinn var bannaður. Annar hópurinn var íhaldssamur en hinn umbótasinnaður. Íhaldssamari hópurinn virtist ekki átta sig eins vel á því að VF þyrfti að breytast til þess að geta starfað. Sá hópur virtist leggja mesta áherslu á að fá hnekk banninu sem sett hafði

verið á Necmettin Erbakan, fyrrum formann flokksins. Þó að íhaldsmenn hafi talað fyrir auknu lýðræði, aðild Tyrklands að Evrópusambandinu og almennum mannréttindum, voru ekki allir sannfærðir um að það væri gert með mikilli sannfæringu (Cinar 2006, 473). Yngri meðlimir, sem höfðu tilheyrt VF, virtust til dæmis gera sér betur grein fyrir nauðsyn þess að sýna varkárni varðandi trúmál. Þeir virtust einnig tala af meiri sannfæringu um lýðræði og mannréttindi en hinir íhaldssömu. Markmið þeirra var að geta starfað sem stjórn málafl í Tyrklandi án þess að fyrir þeim færi eins og VF (Cinar 2006, 474).

Á meðan hinir íhaldssömu aðilar VF stofnuðu flokk sem nendur var Hamingjuflokkurinn, eða the Felicity Party á ensku, þá stofnuðu hinir umbótasinnuðu meðlimir VF, RPF árið 2001. Til þess að skilja hvernig RPF hefur náð jafn miklum vinsældum og raunin er, þarf að útskýra hversu ólíkur hann er forverum sínum, að minnsta kosti á yfirborðinu. Leiðtogar RPF reyndu í byrjun að hafa skilin skýrari á milli þess að vera stjórn mála flokkur og að vera trúflokkur á borð við VF (Cinar 2006, 474). RPF var ekki jafn mikið á móti hnattvæðingu og því sem margir innan VF kölluðu vestræna nýlendustefnu (Cinar 2006, 474). Mikilvægt var að mati leiðtoga RPF að Tyrklandi myndi auka tengsl sín við Evrópusambandið. RPF kynnti sig sem einhvers konar stjórn mála flokk sem ekki væri bundinn við eina hugmyndafræði eða trú (Cinar 2006, 474). Það þýddi þó ekki beinlínis að trúin skipti þá litlu máli. Í raun má segja að útlitsbreyting hafi átt sér stað ekki síður en innihaldsbreyting (Kalaycioglu 2010,30). RPF hefur sýnt meira umburðarlyndi og raunsæi en aðrir stjórn mála flokkar sem eiga rætur sínar í íslam. Hjá RPF er íslam ekki svarið við öllum vandamálum heimsins. Aðrir flokkar í löndum íslam hafa brennt sig á þessu. Þeir halda að hægt sé að finna öll svör við spurningum, varðandi t.d. stjórn mála, efnahagsmál eða önnur málefni samfélagsins, með því einu að leita til trúarinnar (Ghanim 2009, 76). Það getur leitt til öfgafullra skoðana að horfa stöðugt til baka, á veröld sem er horfin og ekki er hægt að verða hluti af aftur, í stað þess að horfa til framtíðar (Ghanim 2009, 79).

RPF er flókinn stjórn mála flokkur, þar sem heyra má mismunandi raddir sem réttlæta stuðning sinn við flokkinn með mismunandi rökum. Það má greina að minnsta kosti fjóra ólíka hópa innan RPF. Sá fyrsti er frjálslyndir Evrópusinnar, sá næsti er Kúrdar, þá tyrkneskir þjóðernissinnar og að lokum þeir trúuðu. Þeir sem kalla má tyrkneska

Þjóðernissinna í röðum RPF telja það mikilvægasta hlutverk einstaklingsins að vera hliðhollur og þjónusta ríkið. Trúmál eru í öðru sæti hjá þessum hópi. Þeir upphefja, ólíkt venjulegum veraldlega sinnuðum kjósendum, sögu Ottamanaveldisins (Yavuz 2009, 104). Trúaðir liðsmenn RPF setja aftur á móti íslam í fyrsta sæti í stað ríkisins eða þjóðarinnar. Trúarleg gildi skipta þá máli og einnig saga Ottamanaveldisins. Þessi hópur leggur frekar áherslu á þjónustu við samfélagið en ríkið. Vegna reynslu sinnar af ríkinu og hvernig það hefur stundum komið fram við hópinn, eru liðsmenn hans mjög efins um ágæti ríkisins. Trúin er fyrir þeim ákveðið vopn sem hægt er að beita á vettvangi stjórnmalanna (Yavuz 2009, 104). Það hvernig RPF vill skilgreina sig og stuðningsmenn sína er mjög ólíkt því hvernig hinir ýmsu fjölbreyttu hópar stuðningsmanna þeirra skilgreina sig (Yavuz 2009, 108).

3.3 Recep Tayyip Erdogan

Til þess að skilja RPF og velgengni flokksins er nauðsynlegt að skilja manninn sem leiðir flokkinn. Hann hefur ákveðna þýðingu fyrir margt venjulegt fólk sem sér sjálft sig í honum. Því er nauðsynlegt að skilja hvað það var sem mótaði þennan mann sem haft hefur svo mikill áhrif á Tyrkland (Yavuz 2009, 118). Tayyip Recep Erdogan er fæddur árið 1954 í borginni Rize við Svartahafið. Hann fluttist ungur að aldri í Kasimpasa-hverfið í Istanbul með fjölskyldu sinni (Yavuz 2009, 123). Faðir hans var mjög trúaður og strangur maður. Hann hikaði ekki við að beita börn sín líkamlegu ofbeldi til þess að aga þau (Yavuz 2009, 123).

Áhrif Kasimpasa-hverfisins á mótun persónuleika Erdogan voru mikil. Hverfið var lægri millistéttarhverfi þar sem fjöldi ólíkra þjóðarbrotá bjó saman. Það var ekki auðvelt að búa í þessu hverfi og fólk þurfti að vera sterkt til að þrífast þar. Mikið var af gengjum og glæpum í hverfinu (Yavuz 2009, 123). Innan hverfisins var og er enn að finna mjög íhaldssama siðferðislega undirtóna, þar sem áhersla er lögð á að fólk standi saman í fátæktinni. Fólk í hverfinu hefur alltaf horft til efnaðs fólk með ákveðinni öfund (Yavuz 2009, 124).

Erdogan gekk í trúarskóla sem nefnist Imam Haip. Upphaflega áttu þessir skólar að mennta fólk til þess að verða ímamar. Síðar byrjuðu þeir einnig að bjóða upp á fjölbreytta námskrá, þannig að nemendur gátu menntað sig í öðru en trúmálum.

Andrúmslofið innan þessara skóla og áhrif á nemendurna skiptir þó mestu máli. Íslömsk gildi og hegðun er kennd sem hið eina rétta í lífinu. Kennarar í skólunum gagnrýna fólk sem lifir ekki samkvæmt íslömskum gildum. Þeir eru að auki mjög gagnrýnir á vestræn áhrif í Tyrklandi. Erdogan býr enn þann dag í dag að þessari kennslu sem hann fékk er hann var ungur maður (Yavuz 2009, 124). Hann viðurkennir fúslega að þessi skóli hafi verið mikill áhrifavaldur á mótun hans sem manneskju. Erdogan var enginn afburða námsmaður þó að hann hafi heldur ekki verið slæmur námsmaður. Hann komst inn í Marmara-háskólann, lærði þar hagfræði og verslun og útskrifaðist árið 1981. Erdogan lék einnig knattspyrnu á sínum yngri árum. Með þátttöku í henni kynntist hann mikilvægi þess að vinna með öðrum, en einnig mikilvægi þess að geta spilað fleiri en eina stöðu á leikvöllinum (Yavuz 2009, 125).

Á háskólaárum sínum varð Erdogan virkur meðlimur í tyrknesku námsmannasamtökunum. Á þeim tíma voru samtökin mjög andsnúin kommúnisma og þeim veraldlegu öflum samfélagsins sem réðu svo miklu á þessum tíma. Innan samtaka námsmanna kynntist Erdogan mörgum og lærði um mikilvægi þess að standa saman sem bræðralag. Eftir útskrift úr háskóla starfaði hann hjá samgöngumálayfirvöldum í Istanbul. Þar bað yfirmaður Erdogans hann um að raka af sér skeggið sem hann bar á þeim tíma, en því neitaði Erdogan á trúargrundvelli (Yavuz 2009, 125; Yavuz 2009, 126).

Erdogan var yfirmaður ungliðahreyfingar PBF í Istanbul og síðar VF. Hann tók einnig virkan þátt í viðskiptum og varð sterk efnaður (Yavuz 2009, 126). Vegna þess hve náinn og trúr hann var Necmettin Erbakan, var hann valinn sem frambjóðandi VF í borgarstjórnarkosningunum árið 1994, sem hann síðan vann. Það var því innan raða VF sem Erdogan lærði hvernig hann ætti að koma fram sem stjórnmalamaður. Fjöldi venjulegra Tyrkja sáu sjálfa sig í honum, eða hvernig þeir vildu vera, vegna þess hvernig hann kom fram og lifði. Hann var fátækur maður sem hafði tekist að komast áfram í lífinu. Saga hans gaf milljónum Tyrkja von. Fyrst hann hafði getað þetta, þá gátu þeir þetta líka (Yavuz 2009, 126).

Erdogan hefur reynt gefa ákveðna mynd af sjálfum sér til þess að höfða til millistétta- eða lægri millistéttafólks. Myndin er af nútímamanni sem vinnur á skilvirkan hátt og er guðrækinn. Þetta á að vera andstæðan við eldri stjórnmalamenn annarra stjórnmalaflokka (Yavuz 2009, 113). Erdogan hefur að ákveðnu leyti átt í

erfiðleikum með það að sætta þessar tvær hliðar á sjálfum sér. Fyrri hliðin er af manni sem trúin skiptir öllu máli, en hin hliðin er af raunsæjum stjórnámamanni sem vill vera við völd. Hann þarf að geta sýnt báðar þessar hliðar. Sú fyrri er fyrir þá kjósendur hans sem trúmál skipta miklu máli en hin síðari fyrir þá stuðningsmenn sem eru meira veraldlega þenkjandi (Yavuz 2009, 121).

Ekkert skiptir Erdogan meira máli en hollusta undirmanna sinna (Yavuz 2009, 121). Erdogan er ekki maður sem safnar í kringum sig fjölda sérfræðinga um einstök málefni. Hann vill frekar vera umkringdur fólki sem hlýðir honum. Stofnanir, skrifræði eða reglur almennt eru ekki honum að skapi (Yavuz 2009, 127). Stjórnunarstíll Erdogan er best lýst með því að hann vilji hafa alla þræði í hendi sér. Það vald sem flokkurinn hefur liggur hjá honum eða í höfuðstöðvum flokksins. Hann er oft talinn grafa undan öðrum flokksmönnum og þingmönnum. Hann þykir eiga það til að tala niður til fólks og vera ekki alltaf auðveldur í samskiptum við aðra (Cinar 2006, 479). Erdogan þykir frábær ræðumaður sem nær vel til fjöldans (Duran 2013, 106). Hlutverk hans sem leiðtogi flokksins er gríðarlega mikið. Hann er mjög vinsæll og það hefur gagnast flokksnum vel að hafa svo afgerandi leiðtoga. Þó allir séu ekki nákvæmlega vissir um það hvað RPF stendur fyrir, þá þekkja þeir Erdogan. Hann hefur það á sínu valdi að geta stjórnað væntingum almennings til flokksins og samfélagsins og þær væntingar eru stöðugt að aukast (Duran 2013, 107).

Erdogan talar ekki mikið um lýðræði. Hugtakið frelsi er honum hins vegar mjög hugleikið. Hans skilgreining á frelsinu er tengt hugmyndum um neikvætt frelsi. Það snýst um það að draga úr valdi og umsvifum ríkisins. Hann telur að það eigi að losa þær hömlur og þau afskipti sem sett eru á samfélagið. Ef það er ekki gert þá eru skilyrðin fyrir frelsi ekki til staðar að mati Erdogan. Til þess að fylla upp í þau skörð sem markaðurinn getur ekki sinnt vill Erdogan að fólk gefi til góðgerðamála eða sinni ýmiss konar sjálfböðavinnu, samfélaginu til heilla (Yavuz 2009, 128).

3.4 RPF – Innra skipulag

Einn stærsti kostur RPF er jafnframt einn stærsti veikleiki flokksins. Það að vera með jafn afgerandi leiðtoga og Erdogan hefur sína ókosti. Styrkur flokksins er mjög tengdur persónuleika Erdogan. Það er mikill skortur á lýðræðislegum vinnubrögðum innan

flokksins. Erdogan og ráðgjafar hans ráða þar flestu, eins og áður hefur komið fram. Þetta hefur staðið í vegi fyrir því að flokkurinn sjálfur myndi sín eigin einkenni, sem ekki tengist persónu Erdogan, og þrói með sér sitt eigið innra lýðræði. Sumir þingmenn flokksins hafa kvartað yfir því að þeirra eina hlutverk á þingi sé að rétta upp hönd til þess að greiða atkvæði með frumvörpum ríkisstjórnarinnar. Venjulegir flokksmenn hafa einnig litla möguleika á því að hafa áhrif á stefnu flokksins (Yavuz 2009, 100). Það er ekki leyfilegt að setja sig upp á móti þeirri stefnu sem ákveðin hefur verið og ekki er í raun boðið upp á neitt mótvægi við leiðtogaæðið sem ríkir innan flokksins. Einn þingmaður, sem sagði af sér, gagnrýndi sérstaklega Erdogan fyrir það að vera einræðisherra sem stæði gegn auknu lýðræði (Yavuz 2009, 101). Þingmenn flokksins eiga einnig mjög erfitt með að ná tali af ráðherrum flokksins varðandi ýmis vandamál sem þeir þurfa að leysa (Yavuz 2009, 103).

Eitt af því sem flokkurinn hefur gert til þess að auka aga innan flokksins er að breyta ýmsum reglum innan hans. Með því hefur miðstýring innan flokksins enn aukist. Flokkurinn hefur verið ásakaður um það að brjóta gegn lögum um stjórnmalaflokka í Tyrklandi, þar sem leiðtogi flokksins hafi óeðlilega mikil völd innan hans. Þetta á t.d. við um völd Erdogan til þess að velja frambjóðendur til þingkosninga og ákveða hverjir séu helstu yfirmenn flokksins (Yavuz 2009, 101).

Því er ekki vel tekið þegar gagnrýni kemur fram innan flokksins. Þetta á t.d. við um einkavæðingarform flokksins. Fagleg sjónarmið réðu litlu í ákvarðanatöku um einkavæðingu. Virtist mörgum sem að þar sætu ekki allir við sama borð og að ákveðnir aðilar væru valdir fram yfir aðra (Yavuz 2009, 101). Ólíkt því sem almennt er í Tyrklandi, hafa útibú flokksins úti um allt land lítið um málefni flokksins að segja. Almennt séð hafa útibú stjórnmalaflokka verið undirstaða tyrkneskra stjórnmála og finnast í flestum borgum og bæjum. Þetta var leið fyrir forystu stjórnmalaflokka í Tyrklandi til þess að eiga samskipti við flokksmenn sína og til þess að skipuleggja sig varðandi t.d. kosningar (Yavuz 2009, 103).

3.5 Gagnrýni á RPF

RPF hefur reynt að gera hluti sem kallað hafa á hörð viðbrögð. Til dæmis tilkynnti Erdogan það árið 2004 að framhjáald yrði gert ólöglegt. Hann hætti við þessi áform eftir sterk viðbrögð frá t.d. Evrópusambandinu. Þá hefur hann reynt að skipa ýmsa af

sínum hörðustu stuðningsmönnum í mikilvægar stöður innan stjórnsýslunnar. Ein veigamikil breyting, sem ekki fór mikið fyrir, var að hann lækkaði eftirlaunaaldur opinberra starfsmanna. Þar með losnuðu mörg störf og það nýtti RPF sér til þess að koma „sínu“ fólki að innan hins opinbera (Shankland 2007, 362). Árið 2005 bannaði borgarstjórnin í Ankara, þar sem RPF var í meirihluta, sölu áfengis í einum hluta borgarinnar þar sem mikið var af börum og veitingahúsum. Þetta var kært og banninu aflétt. Þremur árum síðar, árið 2008, breyttu RPF reglunum um það að bannað væri að vera með höfuðklút á höfðinu í háskólum landsins, sem er mjög viðkvæmt mál í Tyrklandi. Breytingunni var hafnað af stjórnlagadómstól landsins sem sagði hana stangast á við stjórnarskrána. Flokkurinn sjálfur var svo næstum því bannaður af stjórnlagadómstólnum sama ár, þar munaði aðeins einu atkvæði (Haynes 2010, 316). Önnur gagnrýni sem sett hefur verið fram er sú að Erdogan forsætisráðherra noti núorðið meira af beinum trúarlegum tilvísunum í ræðum sínum. Þessu samhliða hefur ýmsum takmörkunum á trúarlega menntun verið aflétt. Nú er t.d. boðið upp á kennslu í Kóraninum sem valfag í menntaskóla (Duran 2013, 97).

Flokkurinn hefur einnig verið gagnrýndur fyrir ýmis lög sem hann hefur sett um málfrelsi og mannréttindi. Þó verður að taka fram að það er ekki nýtt vandamál í Tyrklandi. Mikið af þeim takmörkunum sem eru við lýði í Tyrklandi má rekja til vandamála sem tengjast kúrdneska minnihlutahópnum í landinu. Árið 2005, þegar RPF var við völd, voru sett lög sem takmörkuðu málfrelsi mjög. Með þeim var t.d. bannað að tala illa um það að vera Tyrki, um tyrkneska lýðveldið, þingið, dómstóla í landinu eða tyrknesku ríkisstjórnina. Ef einstaklingur gerir það, þá á hann það á hættu að verða settur í fangelsi. Lögunum var svo aðeins breytt árið 2008 sem gerði það að verkum að ekki voru jafn margir ákærðir og áður, en þau standa þó enn (McLaren og Cop 2011, 486). Árið 2006 setti flokkurinn síðan ný lög gegn hryðjuverkum. Lögin skilgreindu hryðjuverk mjög vítt og óljóst. Lögin segja í raun að hver sá sem lýsir yfir skoðun sem gengur gegn hinni opinberu hugmyndafræði ríkisins sé hryðjuverkamaður (Gunter 2012, 121). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gagnrýnt Tyrkland fyrir það að vera ekki nægilega lýðræðislegt þjóðfélag. Þetta á sérstaklega við um takmarkanir á málfrelsi innan landsins og aðild hersins að stjórnámálum (McLaren og Cop 2011, 492).

Hin veraldlegu öfl innan Tyrklands vantroysta RPF og hafa flokkinn alltaf grunaðan um það að vilja koma á sharia-lögum. Þeir telja flokkinn ekki vera að sýna sitt rétta andlit til þess að geta smám saman breytt samfélaginu á þann veg að íslam verði undirstaða ríkisins (Haynes 2010, 320). Ýmis ummæli sem höfð voru eftir Erdogan áður en RPF var stofnaður þykja styðja þessar grunsemdir. Hann lýsti yfir stuðningi við sharia-lög í Tyrklandi og að það gæti ekki farið saman að vera bæði veraldlega sinnaður og múslimi. Auk þess sagði hann að lýðræði væri aðeins tæki til þess að ná fram vilja sínum (Yavuz 2009, 4).

4 Kosningar í Tyrklandi og RPF

Áður en kosningarnar árið 2002 fóru fram, hafði almenningur í Tyrklandi þurft að búa við mikla óstjórn í ýmsum málefnum samfélagsins. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þessu til skilningsauka á því af hverju RPF sigraði kosningarnar. Þessi staðreynd útskýrir einnig að miklu leyti af hverju flokkurinn er enn í dag við stjórn í landinu. Mikill spilling var og réttarkerfið var að hruni komið á þessum tíma (Yavuz 2009, 112). Efnahagsástandið var mjög slæmt árið 2001 og endaði með hruni (Yavuz 2009, 67). Ríkið neyddist til þess að leita aðstoðar Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Yavuz 2009, 71). Nýr flokkur, eins og RPF var þá, var fjölmörgum kærkominn við þessar aðstæður, t.d. millistéttarfolki (Yavuz 2009, 112). Traust fólks á hinu opinbera hafði líka hrunið vegna þess hve illa og seint stjórnvöld brugðust við árið 1999 þegar mikill jarðskjálfti varð. Jarðskjálftinn kostaði u.þ.b. 25.000 manns lífið. Í efnahagshruninu hrundi bankakerfið og gengi lírunnar, gjaldmiðils Tyrklands. Landsframleiðsla dróst saman um 10% og þrjár milljónir manna urðu atvinnulausar (Yavuz 2009, 70).

RPF var formlega stofnaður í ágúst árið 2001. Á tyrknesku er hann oft kallaður Ak Parti. Ak þýðir hreinn eða ómengaður á tyrknesku. Með þessu var flokkurinn að reyna að skilja sjálfan sig frá gömlu flokkunum í Tyrklandi (Yavuz 2009, 79). RPF naut þess árið 2002 að vera nýr og að almenningur treysti ekki lengur gömlu flokkunum (Shankland 2007, 361). Fjöldi kjósenda Erdogan voru fórnarlömb spilltrar valdaelítu, sem kristallast í fangelsun þess sem flutti ljóðið sem ritgerð þessi hefst á (Yavuz 2009, 127). Flokkurinn hlaut í sínum fyrstu kosningum árið 2002, 34,2 % atkvæða og 363 sæti á þingi af 550. Aðeins einn annar flokkur komst yfir 10% þröskuldinn sem er fyrir flokka í Tyrklandi til þess að fá fulltrúa á þingi (Cinar 2006, 473). Það er Alþýðuflokkur lýðveldisins, hér eftir kallaður AFL, sem er sá stjórnmálaflokkur sem nýtur hvað mest fylgis þeirra veraldlega sinnuðu. Hann telst vera vinstra megin við miðju (Haynes 2010, 316). AFL var stofnaður á sínum tíma af Mustafa Kemal Atatürk. Hann á rætur sínar að rekja til stofnunar tyrkneska lýðveldisins og er elsti stjórnmálaflokkur landsins (Kalaycioglu 2010,39).

Í kosningabaráttunni 2002 lögðu andstæðingar RPF áherslu á það að með því að kjósa flokkinn væri verið að kjósa VF aftur til valda, líklega með svipaðri niðurstöðu og óstöðugleika eins og áður hafði verið. Það gekk ekki upp því að RPF háði

kosningabaráttu sem svaraði ákalli fólksins um betri tíma. RPF lagði ekki áherslu á trúmál heldur á að breyta forgangsroð ríkisins. Í stað þess að öryggi ríkisins, eins og herinn skilgreindi það, væri mikilvægast, þá væru það vonir og þarfir fólksins sem skiptu mestu (Cinar 2006, 473). Erdogan gaf af sér þá mynd að hann væri hófsamur og gagnrýndi t.d. stefnu Erbakan, fyrrum hetju sinnar (Yavuz 2009, 128).

RPF lagði mikla áherslu á að Tyrkland myndi verða aðili að Evrópusambandinu (Shankland 2007, 362). Umbæturnar sem landið þurfti að ráðast í vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið voru innleiddar að miklu leyti (Ghanim 2009, 78). Með því vildi Erdogan sýna að RPF væri að halda áfram starfi því sem Ataturk hefði hafið, að færa Tyrki nær Evrópu. Áherslan var því, að minnsta kosti í orði, á aukin mannréttindi og aukið lýðræði (Cinar 2006, 480). Ein af undirliggjandi ástæðum fyrir áherslu RPF á aðild Tyrklands að Evrópusambandinu var sú að þá yrði staða flokksins innan Tyrklands öruggari (Cinar 2006, 481). Miðað við áhrif hersins á stjórnámálamenninguna í Tyrklandi og að lögmæti ríkisstjórna virðist vera undir lögsögu hersins, þá er sú afstaða ekki óskiljanleg (Haynes 2010, 315). Eftir að ljóst varð að RPF var réttmætur sigurvegari kosninganna, þá skipti það máli að yfirmaður hersins var maður að nafni Hilmi Özkök. Hann var lýðræðissinni og leit á samskipti hers og borgaralegs valds á líkan hátt og þekktist í Evrópu. Herinn átti sem sagt ekki að blanda sér inn í lýðræðið að mati Özkök. Það breytti því ekki að flestir undirmanna hans voru mjög neikvæðir í garð RPF árið 2002 (Yavuz 2009, 248).

Með því að leggja áherslu á Evrópusambandsaðild tókst flokknum að fá ákveðinn stuðning frá hópum sem annars hefðu ef til vill ekki stutt flokkinn. Það voru hópar eins og frjálslyndir og Kúrdar. Þessir hópar vonuðust eftir því að með meiri samruna við Evrópusambandið myndu þeir fá meira frelsi frá kæfandi öryggisreglum sem herinn og stuðningsmenn hins veraldlega ríkis höfðu sett. RPF tókst að koma í gegnum þingið ýmiss konar umbótum sem tengdust umsókn ríkisins að aðild í Evrópusambandið. Stofnanir sem höfðu verið áhrifaríkar áður voru annað hvort lagðar niður eða dregið úr völdum þeirra. Þetta á t.d. við um Ríkisöryggisdómstóla og Þjóðaröryggisráðið. Í raun var utanríkisstefna landsins notuð til þess að koma í gegn ýmsum frjálslyndum málefnum sem annars hefðu ekki komist í gegnum þingið (Duran 2013, 98).

Frá því að RPF komst til valda hefur efnahagur landsins almennt verið góður. Sem dæmi um þessa velgengni hafði verg landsframléiðsla meira en tvöfaldast frá árinu 2002 til ársins 2007. Vinnumarkaðurinn var einnig mun betri en áður og hagvöxtur mjög góður. Með því að bæta almennt viðskiptaumhverfi í landinu tókst RPF að laða fjölmarga fjárfesta til landsins (Ghanam 2009, 80). Það má segja að fram að árinu 2007 hafi RPF sýnt varkárni og ekki reynt of mikið að breyta samfélaginu. Flokkurinn lagði áherslu á aðild að Evrópusambandinu og á aukna stjórn borgaranna á hernum í Tyrklandi. Hann beindi athygli fólksins að valdi skrifræðisvaldakjarnans sem var við völd hjá hinu opinbera. Með þessu tókst flokknum að fá áframhaldandi stuðning frá ýmsum frjálslyndum öflum. RPF lagði á þessu tímabili ekki mikla áherslu á málefni sem seinna skiptu meira máli (Duran 2013, 98). Þá hefur vilji RPF staðið til þess að gera nýja stjórnarskrá fyrir Tyrkland, í stað þess að vera sífellt að breyta þeirri gömlu (Ciddi 2011, 41). Áður en kosningarnar árið 2007 fóru fram, lét RPF setja á laggirnar nefnd sérfræðinga sem átti að rita nýja stjórnarskrá. Lítið varð þó úr vinnu nefndarinnar vegna ýmissa annarra mála sem RPF þurfti að takast á við árið 2008, en viljinn til þess að fá nýja stjórnarskrá var skýr (Ciddi 2011, 42).

4.1 Kjósendur í Tyrklandi og stuðningur við RPF

Rannsóknir á hinum almenna kjósenda í Tyrklandi sýna hvað það er sem skiptir hann mestu máli. Það fyrsta sem hann hugleiðir er hugmyndafræði, tengt hugmyndum um vinstri og hægri kvarða í stjórnámálum. Þannig útilokar kjósandi til dæmis ákveðna flokka eftir því hvort þeir eru til vinstri eða hægri (Kalaycioglu 2010,30). Breytur eins og gildi, trú og almennt lífsviðhorf ráða för er kjósandi ákveður hvort hann sé hægri- eða vinstriáður. Fólk sem aðhyllist frekar veraldleg gildi tengir sjálft sig frekar við vinstri kvarðann. Þeir kjósendur sem telja trú skipta máli staðsetja sig frekar á hægri kvarðanum. Kjósendur sem eru af kúrdískum uppruna eru oft langt til vinstri en tyrkneskir þjóðernissinnar aftur á móti langt til hægri (Kalaycioglu 2010,31). Næst er það efnahagsstefnan sem kjósandi íhugar við val á flokki. Þarna er kjósandi að meta kosti og galla fyrir sig og fjölskyldu sína af því að kjósa stjórnámálaflokk. Annað sem getur skipt máli varðandi kjósanda er uppeldisumhverfi hans. Skoðanir foreldra geta til dæmis skipt miklu máli varðandi hvaða stjórnámálaflokk kjósandi styður.

Þótt trúmál skipti marga kjósendur RPF máli, eru þau ekki lykillinn að hinu mikla fylgi flokksins samkvæmt rannsóknnum. Þær virðast ekki benda til þess að stuðningur almennings við RPF sé svo mikill þar sem hann hafi traustar rætur í trúmálum (Haynes 2010, 317). Flokkshollusta skiptir miklu máli fyrir kjósendur RPF, en þó með ákveðnum fyrirvara um efnahagsstöðu landsins. Það hvort foreldrar kjósenda RPF styðji hann einnig, virðist skipta litlu máli. Hinn venjuleg kjósandi RPF virðist meta kosti og galla við það að greiða flokknum atkvæði sitt, sem byggist að mestu á stöðu efnahagsmála. Hugmyndafræði eftir vinstri eða hægri kvarðanum virðist heldur ekki skipta miklu máli. Verðbólga virðist segja meira til um það hvort kjósandi kjósi RPF eða ekki. Það var mikilvægt fyrir kjósendur að flokkurinn náði tókum á verðbólgunni, enda hefur hún lengi verið eitt helsta vandamál landsins. Þjóðernismál virðast ekki hafa verið mjög mikilvæg varðandi stuðning kjósenda við RPF. Flokkurinn ber þess merki að vera nýr flokkur. Í augum kjósenda hafði hann ekki mikil tengsl við fyrri stjórn málaflokka eða hreyfingar. Það hlýtur að teljast áhugavert í ljósi þeirra augljósu tengsla sem margir leiðtogar RPF höfðu við Þjóðarvitundarhreyfinguna og VF (Kalaycioglu 2010,39). Ef til vill er kjósendum sama um það þó að þeir séu þetta tengdir við trúna, meðan efnahagur landsins er góður (Kalaycioglu 2010,43).

Vegna hins mikla hlutverks sem herinn hefur gegnt í sögu tyrkneskra stjórn mála er áhugavert að skoða afstöðu almennings til hans. Ljóst er að herinn er sú stofnun samfélagsins sem nýtur hvað mests trausts. Þessi staðreynd á þó við um fleiri lönd en Tyrkland og gerir herinn ekki neitt sérstakari fyrir vikið. Augljós tengsl hersins við öryggi borgarana gerir hann almennt vinsæla stofnun. Þrátt fyrir að almenningur sé almennt jákvæður í garð hersins þýðir það ekki að hann samþykki alltaf afskipti hersins af lýðræðislega kjörnum fulltrúum þess. Í rannsókn einni voru kjósendur beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar: „Herstjórn er stundum betri en borgaraleg stjórn til þess að takast á við vandamál landsins.“ Þessu voru 64% ósammála. Þessi staðreynd og einnig sú að stjórn málaflokkar sem herinn hefur stutt hafa yfirleitt ekki fengið meirihluta atkvæða, sýnir takmarkaðan áhuga almennings á hlutverki hersins innan stjórn mála. Þá hafa nokkrir herforingjar boðið sig fram í kosningum en ekki notið mikillar hylli (Karu 2012, 42). Það er því hæpið að segja að almennt sé mikill stuðningur á meðal almennings í Tyrklandi við inngrip hersins í málefni samfélagsins.

4.2 Kosningarnar árið 2007

Kjörtímabili Ahmet Necdet Sezer, þáverandi forseta Tyrklands, rann út árið 2007. Hann hafði verið álitinn ákveðið mótvægi við það sem margir andstæðingar RPF sáu sem íslamsvæðingu ríkisins frá því að RPF komst til valda. Leiðtogar RPF sáu hann sem andstæðing sinn. Hann hafði staðið gegn ýmsum málum sem RPF vildi koma í gegn um þingið og skipunum ákveðinna einstaklinga í embætti (Yavuz 2009, 239). Mikil andstaða var við forsetaframboð Abdullah Gul, frambjóðanda RPF, árið 2007 frá veraldlegum, borgaralegum öflum og hernum (Haynes 2010, 316). Gul er næst mikilvægasti maðurinn innan RPF. Hann er fæddur árið 1950 í Kayseri. Hann er vel menntaður hagfræðingur og talar ensku, en það gerir Erdogan ekki (Yavuz 2009, 136). Andstæðingar Gul töldu að ef hann yrði forseti myndi síðustu hindrun íslamistanna í RPF verða rutt úr vegi. Með kjöri hans myndi fjölga til muna þeim embættismönnum í efri lögum ríkisins sem væru fylgismenn RPF (Yavuz 2009, 239).

Annar þáttur sem spilaði inn í ótta, sérstaklega hersins, við framboð Gul, var staðan í kúrdískum stjórnámum. Herinn óttaðist að stofnað yrði sjálfstætt kúrdískt ríki í norður Írak. Ef það gerðist taldi herinn það myndi ógna samstöðu þjóðarinnar og öryggi landsins almennt. Herinn treysti ekki RPF til þess að fara með mál sem tengdust Kúrdum. Að auki óttaðist herinn að hann myndi missa mikið af sjálfstæði sínu varðandi t.d. fjármögnun og innra skipulag hersins. Eitt þeirra atriða sem skiptir mestu máli varðandi það hvort hershöfðingjar fylgja fyrirmælum borgaralegra yfirmanna sinna, er hvort þeir ráði því hverjir fái stöðuhækkunar innan hersins (Yavuz 2009, 240).

Herinn óttaðist einnig mjög fjölgun meðlima úr svokallaðri Gulen-hreyfingu, í lögreglu landsins og menntamálaráðuneytinu. Hreyfing þessi er kennd við Fethullah Gulen sem er hófsamur íslamskur trúarleiðtogi. Gagnrýnt var að margar af stöðuhækkunum innan ráðuneyta væru á grundvelli trúariðkunar í stað hæfni (Yavuz 2009, 250). Herinn taldi að meðlimir Gulen-hreyfingarinnar væru að koma sér fyrir í lykilstöðum í embættismannakerfinu. Það var óttast innan hersins að sama myndi gerast hjá honum (Yavuz 2009, 251).

Án þess að ráðfæra sig við neinn hafði Erdogan forsætisráðherra ákveðið að Abdullah Gul, sem þá var utanríkisráðherra, yrði forsetaframbjóðandi RPF. Þetta gerðist aðeins sólarhring áður en kosningin átti að fara fram í þinginu. Þessi ákvörðun

mætti strax mikilli andstöðu. Stjórnarandstöðuflokkarnir í þinginu ákváðu að sitja hjá þegar atkvæði voru greidd um nýjan forseta. Daginn eftir atkvæðagreiðsluna brást herinn við (Yavuz 2009, 240).

Þann 27. apríl setti herinn fram yfirlýsingu á heimasíðu sinni, sem var í raun skipun til RPF um það að draga til baka framboð Gul til forseta (Kuru 2012, 38). Í yfirlýsingunni var reynt að réttlæta það að herinn væri að koma í veg fyrir lýðræðislega kosningu forseta Tyrklands. Í yfirlýsingunni var m.a. minnst á hættuna sem landinu ætti að stafa af íslömskum afturhaldsöflum og kúrdískum aðilum. RPF gafst þó ekki upp fyrir þessum hótunum hersins (Kuru 2012, 38). Tyrkneskt samfélag skiptist í tvo hópa á þessum tímapunkti, þá sem studdu RPF og þá sem ekki gerðu það. Stjórnlagadómstóli Tyrklands var falið að dæma um lögmæti forsetakosninganna sem hann ógilti vegna tæknilegs galla (Yavuz 2009, 240). Niðurstaða þessi var byggð á mjög umdeilanlegri túlkun á stjórnarskránni um það hvernig ætti að kjósa forseta. Jafnvel sumir gagnrýnendur RPF töldu að niðurstaðan væri pólitísk fremur en lagaleg (Ciddi 2011, 43). Stuðningur við það að hindra kosningu Gul var töluverður. Fjölmennir mótmælendafundir voru til dæmis haldnir í stærstu borgum Tyrklands. Viðbrögð Erdogan voru þau að boða til nýrra kosninga, þar sem breytingar á stjórnarskránni og kjör Gul sem forseta voru helstu baráttumál flokksins (Yavuz 2009, 240). Kosningarnar fóru þó ekki fram fyrr en eftir að Erdogan hafði farið vandlega yfir og grísað framboðslista RPF. Það gerði hann með andstöðu hersins og hinna veraldlega sinnuðu andstæðinga sinna í huga. Flestir frambjóðenda flokksins sem voru mjög trúnaðir og tengdust gömlu Þjóðarviðhorfshreyfingunni voru teknir af listanum. Einnig fjarlægði hann af listanum ýmsa helstu gagnrýnendur sína innan flokksins. Erdogan ætlaði ekki að leyfa neinum að mála þá mynd af flokknum að hann væri of íhaldssamur (Yavuz 2009, 253).

Úrslit kosninganna voru afgerandi. Sigur RPF var enn stærri en kosningasigurinn frá árinu 2002. Flokkurinn fékk tæplega 47% atkvæða sem var aukning um 13% frá kostningunum árið 2002 (Haynes 2010, 316). Það að ríkjandi stjórnmalaflokkur auki atkvæðahlutfall sitt svona mikið er sjaldgæft í sögu Tyrklands (Kalaycioglu 2010,29). Kosningapátttaka þetta árið var u.þ.b. 85%, sem verður að teljast gott (Ghanim 2009,

75). Óhætt er að segja að niðurstaðan hafi verið stuðningsyfirlýsing við málefni RPF. Flokknum tókst að halda völdum í þinginu og Gul var kosinn forseti (Yavuz 2009, 255).

4.3 Stjórnarskrárkosningar árið 2010

Árið 2010 fóru fram kosningar um breytingar á stjórnarskrá Tyrklands, en kosið var um 30 breytingar sem átti að gera á henni (Ciddi 2011, 39). Markmið tillaganna var, samkvæmt stuðningsmönnum þeirra, að bæta stöðu mannréttinda og að styrkja almennt réttarkerfið í Tyrklandi og voru þær settar fram að undirlagi RPF. Gera átti dómstólum erfiðara um vik að banna stjórn málaflokka. Einnig átti að auka lýðræðislegt lögmæti dómstóla og stofnana réttarkerfisins (Yazici 2010, 1). Það átti að gera með því að breyta samsetningu dómstóla og hvernig þeir væru skipaðir. Þetta átti við um stjórnlagadómstólinn og yfirnefnd saksóknara og dómara sem sáu um að skipa dómara og saksóknara í Tyrklandi (Ciddi 2011, 41). Með nýju tillögunum átti forseti landsins að hafa mun stærra hlutverki að gegna varðandi skipanir í stjórnlagadómstólinn. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar áttu svo að sitja í nefnd þeirri sem skipaði dómara og saksóknara (Ciddi 2011, 42).

Frá því að RPF komst til valda má segja að dómstólar landsins hafi verið næstum því jafnmikil hindrun við að koma fram einstökum málum og stjórnarandstaðan á þinginu. Þó nokkuð af lögum og breytingum á stjórnarskránni sem RPF hafði barist fyrir hafa verið stöðvaðar af dómstólum landsins, t.d. af stjórnlagadómstólum. Hann hafði verið notaður til þess að reyna að leggja niður RPF árið 2007 (Ciddi 2011, 39). Ríkissaksóknari hafði þá kært RPF til dómstólsins fyrir það að vinna gegn veraldlegum grunni tyrkneska lýðveldisins. Þessi ákæra var af mörgum talin vera byggð á pólitískum grunni fremur en lagalegum (Ciddi 2011, 43). Stjórnlagadómstóllinn hafði einnig hafnað lögum sem RPF hafði sett um það að nemendur mættu vera með höfuðklút í háskólum landsins (Ciddi 2011, 39). Þær breytingar sem átti að ráðast í varðandi dómstóla voru umdeildastar (Ciddi 2011, 41) en aðrar breytingar, sem kosið var um, vörðuðu lýðræðisleg réttindi almennt. Auka átti réttindi verkamanna, kvenna og barna og herinn átti að missa ýmis sérréttindi sem hann hafði notið (Ciddi 2011, 41). Með breytingunum yrði m.a. heimilt að sækja þá herforingja til saka sem stóðu fyrir valdatöku hersins árið 1980. Leyfilegt yrði að sækja hermenn til saka fyrir glæpi við borgaralegan dómstóll. Einnig yrði herdómstólum ekki lengur leyfilegt að rétta yfir borgurum þegar friður ríkti í landinu

(Ciddi 2011, 44). Þessar breytingar voru ekki mjög umdeildar á meðal almennings (Ciddi 2011, 43).

Andstæðingar RÞF sökuðu flokkinn um að nota lýðræðislegt ferli og stofnanir til þess að tryggja algjört vald sitt í samfélaginu. Eftir að Gul var kosinn forseti árið 2007, töldu stjórnarandstæðingar að stjórnlagadómstóllinn væri síðasta hindrunin sem stæði í vegi fyrir RÞF (Ciddi 2011, 40). Sagt var að ef þessar breytingar yrðu samþykktar, myndi það þýða upphafið á endalokum hins veraldlega tyrkneska ríkis (Ciddi 2011, 45). Á móti sögðu liðsmenn RÞF og margir frjálslyndir einstaklingar að forsetaembættið og dómstólar landsins væru orðnir of pólitískir og komnir út fyrir umboð það sem stjórnarskráin veitti þeim (Ciddi 2011, 40). Aðrir bentu á að ekki væri víst að næsti forseti yrði frá RÞF. Almennigur myndi, ólíkt því sem áður var þegar þingið kaus forseta, geta kosið forseta í beinum kosningum og það væri, breyting sem RÞF bæri ábyrgð á (Ciddi 2011, 42). Að auki væru enn leiðir fyrir stjórnmaflokka og almenning til þess að vísa málum til stjórnlagadómstólsins, ef grunur væri um það að löggjöf stæðist ekki stjórnarskrána (Ciddi 2011, 43). RÞF sögðu að með því að greiða atkvæði með tillögum þeirra yrði lýðræðið virkara og samfélagið frjálslyndara (Ciddi 2011, 45).

Segja má að þessar kosningar hafi verið ákveðið uppgjör almennings við stjórnarskrána sem herinn náði fram árið 1982. Almennigur hafði þá fengið lítið um stjórnarskrána að segja (Ergil 2010, 15). Dagsetning kosninganna var 12. september, nákvæmlega 30 árum frá því að herinn hafði tekið yfir stjórn landsins (Ciddi 2011, 40). Niðurstöður kosninganna, sem 77% kjósenda á kjörskrá tóku þátt í, voru nokkuð afgerandi. 58% kjósenda sögðu já við breytingunum og 42% sögðu nei. Þeir sem sögðu nei voru yfirleitt andstæðingar RÞF, en þeir sem sögðu já voru stuðningsmenn flokksins (Ergil 2010, 16). Munurinn var sex milljónir atkvæða. Þetta var því ágætur sigur fyrir RÞF, sérstaklega þegar tekið er tillit til átta ára valdasetu flokksins (Ciddi 2011, 46).

Ein helsta ástæðan fyrir stuðningi við breytingartillögur RÞF var staða efnahagsmála, en ekki ágæti breytingartillaganna. Á þeim tíma sem atkvæðagreiðslan fór fram var efnahagur landsins nokkuð góður. Landið var að taka vel við sér eftir fjármálakrísu heimsins, atvinnuleysi var á niðurleið og fjárfesting á uppleið (Ergil 2010, 17). Evrópusambandið var mjög jákvætt varðandi niðurstöðu kosninganna. Það lofaði RÞF fyrir að ráðast í þessar breytingar á stjórnarskránni. Þó notaði sambandið tækifærið til

Þess að minna á að þörf væri á frekari umbótum á sviði trúfrelsis og tjáningarfrelsis. Aðrar vestrænar þjóðir, til dæmis Bandaríkin, voru einnig ánægðar með þessar umbætur (Ciddi 2011, 47).

Margir herforingjar hafa verið sóttir til saka í kjölfar breytinganna sem gerðar voru. Þetta voru herforingjar sem höfðu m.a. tekið þátt í atburðunum árið 1980 og 1997, sem áður hefur verið minnst á. Einnig kom nýtt mál fram þar sem ákveðnir herforingjar voru sakaðir um það að hafa verið að undirbúa jarðveginn fyrir valdatöku hersins gegn ríkisstjórn RPF (Duran 2013, 98). Yfir 300 yfirmenn í hernum hafa verið ákærðir eða settir í gæsluvarðhald. Þar á meðal eru 60 hershöfðingjar og aðmírálar sem ekki voru komnir á eftirlaun (Kuru 2012, 39). Með þessum breytingum hafa Tyrkir byrjað að gera upp sakirnar við herinn eftir mikill ítök hans í landinu. Þótt margir fagni þessu, eru aðrir áhyggjufullir. Niðurstöður þessara réttarhalda gætu haft mikil áhrif á tyrkneskt samfélag í framtíðinni.

4.4 Kosningarnar árið 2011 og framtíðin

Sigurganga RPF hélt áfram í kosningunum árið 2011 og fékk flokkurinn þá 49,8 % atkvæða og meirihluta á þingi (Carkoglu 2011, 47). Kosningaþátttaka var aðeins lakari en árið 2007 eða u.þ.b. 83%. Mikill endurnýjun þingmanna varð á þessu þingi eða 349 af 550 þingmönnum. Þá varð mikil fjölgun kvenþingmanna. Þeim fjölgaði frá því að vera 45 í það að vera 78 (Esen og Ciddi 2011, 13). Ef fjöldi atkvæða RPF árið 2002 og árið 2011 er borinn saman, kemur í ljós að fylgið hefur tvöfaldast á níu árum (Carkoglu 2011, 48). Aðeins einu sinni áður hefur tyrkneskur stjórnmalaflokkur náð að vera við stjórn í þrjú kjörtímabil í röð í röð. Það var Lýðræðisflokkur Adnan Menderes sem var við stjórn á árunum 1950-1960. Sá flokkur tapaði þó jafnt og þétt fylgi frá því að hann fyrst tók við völdum. RPF hefur aftur á móti stöðugt verið að bæta við sig fylgi (Esen og Ciddi 2011, 14).

Flestir minni flokkarnir hægra megin á sviði tyrkneskra stjórn mála hafa tapað stuðningi kjósenda á meðan stuðningur við RPF hefur aukist (Carkoglu 2011, 48). RPF hefur því ekki misst fylgi á þeim árum sem hann hefur verið leiðandi afl í tyrkneskum stjórn málum (Carkoglu 2011, 58). RPF virðist hafa náð að verða tákn hægrimanna í Tyrklandi og æ fleiri, sem áður kusu aðra hægri- eða miðhægri flokka, kusu RPF í

síðustu þingkosningum. Ástæðan fyrir þessu er sú ímynd RPF að flokkurinn hafi góð tók á efnahagsmálunum (Carkoglu 2011, 60).

Eitt helsta kosningaloforð RPF var að gera nýja stjórnarskrá (Ciddi 2011, 42). Erdogan hefur gefið það til kynna að þetta verði eitt helsta baráttumál flokksins á þessu kjörtímabili. Uppi eru hugmyndir innan RPF um það að breyta stjórnskipunarreglu landsins í forsetaræði (Esen og Ciddi 2011, 14). Getgátur eru uppi um það að Erdogan ætli að bjóða sig fram til forseta þegar kjörtímabil Gul rennur úr. Erdogan getur ekki boðið sig fram aftur til þings vegna reglna RPF um það að ekki megi bjóða sig oftari fram en þrisvar (Esen og Ciddi 2011, 16). Miðað við vinsældir Erdogan er ólíklegt að hann hætti beinum afskiptum af stjórnámálum þegar kjörtímabilið rennur út árið 2015 (Esen og Ciddi 2011, 23).

RPF er í dag með 327 sæti af 550 í þinginu. Flokkurinn getur því auðveldlega komið í gegn allri venjulegri löggjöf. Hann þarf samt sem áður að ná samstöðu með öðrum flokkum ef hann ætlar að koma stjórnarskrárbreytingum í gegn eða gera nýja stjórnarskrá. Þótt stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, AFL, hafi lýst yfir áhuga á því að vinna að nýrri stjórnarskrá er ólíklegt að samstaða náist um breytingu í átt að forsetaræði. Andstæðingar Erdogan og RPF grunar að það muni aðeins leiða til þess að Erdogan verði kosinn forseti. Þar með myndi stjórnartími hans lengjast og þá í embætti sem er valdameira en forsetaembættið er í dag (Esen og Ciddi 2011, 17). Framtíð RPF og Erdogan forsætisráðherra er óljós. Spurningin sem margir spyrja sig er hversu háður RPF er persónu Erdogan um það að halda völdum. Ef flokknum tekst að breyta Tyrklandi í forsetaræði, þá mun það þýða að ekki þarf að svara þessari spurningu í bráð. Ef þeim tekst það ekki, mun þessari spurningu sennilega verða svarað árið 2015 (Esen og Ciddi 2011, 24).

5 Niðurstaða

Allt frá upphafi lýðveldis í Tyrklandi hefur mikil ólga verið í landinu. Helsta skýringin er togstreitan á milli trúarinnar og veraldlegrar arfleifðar Ataturks og þeirra manna sem segjast halda uppi minningu hans. Stundum hefur þessi ólga brotist út með miklu ofbeldi. Þetta gerðist t.d. þegar Adnan Menderes, fyrsti lýðræðislega kjörni forsætisráðherra landsins, var tekinn af lífi og einnig þegar baráttan á milli vinstri- og hægrimanna var sem mest fyrir valdatöku hersins 1980. Allt þetta gerðist fyrir tíma RPF og er flokkurinn og sú barátta sem ríkir enn þann dag í dag á milli flokksins og andstæðinga hans arfleifð þess

Ljóst er að enda þótt stjórn mála flokkur með sterk tengsl við íslam sé nú við völd, þá er það ekkert nýtt að trúin skipti máli í Tyrklandi. Þegar lýðveldið var stofnað og þegar ólgan var hvað mest í kringum 1980 leituðu ráðamenn til trúarinnar til þess að ná samstöðu á meðal fólks. Hægt er að setja lög sem reyna að halda aftur af eða veita trúmálum meira gildi í samfélagi. Erfiðara er að breyta hugarfari fólks, hvort sem það varðar trúmál eða virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum.

Til að komast til valda og lifa það af þurfti flokkurinn að aðgreina sig frá VF. RPF er umbótasinnaðri en VF var áður. Hann er ekki eins mikill trúarflokkur og er jákvæðari í garð alþjóðasamfélagsins og markaðshagkerfisins. Ef reynt er að meta árangur RPF frá því að flokkurinn tók við völdum er hægt að tína til ýmislegt gott en einnig slæmt. Margvíslegar umbætur hafa verið gerðar á valdatíma flokksins varðandi lýðræði og mannréttindi. Þar standa upp úr þær breytingar sem samþykktar voru í stjórnarskrárkosningunum árið 2010. Þó að aðildarviðræður við Evrópusambandið gangi stíðlega í dag, hefur sambandið haft góð áhrif á landið vegna ýmissa umbóta sem Tyrkland hefur ráðist í, vegna aðildarumsóknarinnar. Á heildina litið hefur flokkurinn stýrt efnahagsmálum í Tyrklandi með góðum árangri. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að ástæðan fyrir velgengni flokksins er fyrst og fremst árangur hans í efnahagsmálum. Kjósendur flokksins láta ekki trúmál varða sig mestu, heldur efnahagsmálin. Full ástæða er þó til þess að fylgjast grannt með hvaða skref flokkurinn tekur á næstunni. Lög frá árinu 2005 sem takmörkuðu málfrelsið í landinu sýna það til dæmis. Einnig eru tilraunir til þess að gera framhjáald ólöglegt og að banna áfengi

ákveðin áminning um það að undir niðri sé vilji til þess að láta siðferði sumra ráða athafnafrelsi annarra. Það má þó finna mörg dæmi um þennan vilja í löndum sem teljast til vestrænna lýðræðisríkja. Flestir ráðamanna RPF eru mjög trúaðir. Þó virðist fátt benda til þess að þeir séu talsmenn þess að gera sharia-lög að uppsprettu laga í landinu, enda skortir þá umboð frá sínum kjósendum til þess.

Erfitt getur verið að saka flokkinn um það að vera ólýðræðislegur. RPF hefur skýrt lýðræðislegt umboð frá kjósendum sínum fyrir þeim breytingum sem flokkurinn hefur staðið fyrir. Í nokkrum kosningum í röð hafa kjósendur fengið tækifæri í lýðræðislegum kosningum til þess að endurnýja umboð RPF. Niðurstaðan hefur verið aukið fylgi enda þótt flokkurinn hafi verið við stjórn í langan tíma.

Sjálfstraust flokksins hefur aukist með hverjum kosningasigrinum. Sjálfstraust getur verið gott en bilið á milli þess og hroka er stutt. Það að Erdogan getur ekki boðið sig aftur fram til þings hefur komið flokknum í erfiða stöðu. Fullur vilji er til þess að Erdogan haldi áfram að fara með stjórn mála hjá flokknum og í landinu. Ef það reynist flokknum erfitt að skapa honum nýtt svigrúm til þess að halda áfram um valdataumana verður áhugavert að sjá hvernig flokkurinn bregst við. Eins og dæmin sanna reynist það öflugum og afgerandi stjórnmalaleiðtogum oft erfitt að láta af störfum. Stóra prófið hjá Erdogan, RPF og tyrknesku samfélagi verður þegar Erdogan hverfur af leikvelli stjórnmalanna. Það er í raun eingöngu þá sem hægt er að svara því endanlega fyrir hvað RPF stendur.

6 Lokaorð

Það reyndist höfundi erfitt að leita heimilda við vinnslu ritgerðarinnar þar sem ekki hafði mikið verið skrifað um tyrknesk stjórnsmál á íslensku. Höfundur þurfti að treysta á greiningu annara að miklu leyti. Tyrkland er að auki ólíkt Íslandi og margt í þeirra menningu ólíkt okkar. Höfundur þessarar ritgerðar er þó kvæntur tyrkneskri konu og hjálpaði hún til með að brúa þetta bil, til aukins skilnings.

Sú staðreynd að ekki hefur mikið verið skrifað um tyrknesk stjórnsmál á íslensku er einmitt helsta ástæða efnisvals höfundar. Með því að gera það vonast höfundur eftir því að hafa lagt ákveðinn grunn, sem byggja má á með frekari rannsóknum, m.a. samanburðarrannsóknum. RþF og tyrknesk stjórnsmál eru gríðarlega áhugaverð og ólík því sem við Íslendingar eigum að venjast að mörgu leyti.

Spennandi og fróðlegt verður að sjá í framtíðinni hvernig RþF gengur að setja Tyrklandi nýja stjórnarskrá. Þá er ljóst að Erdogan forsætisráðherra mun ekki láta frá sér völdin baráttulaust. Það gæti því verið áhugavert eftir nokkur ár að rannsaka að nýju þróun stjórnsmálasögu Tyrklands og hefur höfundur fullan hug á frekari rannsóknum í þeim efnum.

Heimildaskrá

- Ahmadov, Ramin. 2008. „Counter Transformation in the Center and Periphery of Turkish Society and the Rise of the Justice and Development Party.“ *Alternatives, Turkish Journal of International Relations*, 7:15-36.
- Caglar, Ismail. 2012. „The Welfare Party and the February 28 process: A Historical Analysis of Turkish Conservatives’ Move to the Center.“ *Turkish Journal of Politics*. 3(1):21-36.
- Carkoglu, Ali. 2011. „Turkey’s 2011 General Elections: Towards a Dominant Party System?“ *Insight Turkey*, 13(3):43-62.
- Ciddi, Sinan. 2011. „Turkey’s September 12, 2010, Referendum.“ *Middle East Review of International Affairs*. 15(4):39-49.
- Cinar, Menderes. 2006. „Turkey’s Transformation Under the AKP Rule.“ *The Muslim World*. 96(3):469-486.
- Duran, Burhanettin. 2013. „Understanding the AK Party’s Identity Politics: A Civilizational Discourse and its Limitations“ *Insight Turkey*, 15(1):91-109.
- Ergil, Dogu. 2010. „Constitutional Referendum: Farewell to the Old Turkey“ *Insight Turkey*, 12(4):15-22.
- Esen, Berk og Sinan Ciddi. 2011. „Turkey’s 2011 Elections: An Emerging Dominant Party System.“ *Middle East Review of International Affairs*. 15(3):13-28.
- Ghanim, David. 2009. „Turkish Democracy and Political Islam.“ *Middle East Policy*, 16(1):75-84.
- Gulalp, Haldun. 1999. „Political Islam in Turkey: The rise and fall of the Refah Party.“ *The Muslim World*, 89:22-41.
- Gunter, Michael M. 2012. „Turkey: The Politics of a New Democratic Constitution.“ *Middle East Policy*. 19(1):119-125.
- Haynes, Jeffrey. 2010. „Politics, identity and religious nationalism in Turkey: from Ataturk to the AKP.“ *Australian Journal of International Affairs*, 64(3):312-327.

- Kalaycioglu, Ersin. 2010. „Justice and Development Party at the Helm: Resurgence of Islam or Restitution of the Right-of-Centre Predominant Party?“ *Turkish Studies*, 11(1):29-44.
- Kuru, Ahmet T. 2012. „The Rise and Fall of Military Tutelage in Turkey: Fears of Islamism, Kurdism, and Communism“ *Insight Turkey*, 14(2):37-57.
- McLaren, Lauren og Burak Cop. 2011. „The Failure of Democracy in Turkey: A Comparative Analysis.“ *Government and Opposition*, 46(4):485-516.
- Sen, Mustafa. 2010. „Transformation of Turkish Islamism and the Rise of the Justice and Development Party.“ *Turkish Studies*, 11(1):59-84.
- Shankland, David. 2007. „Islam and politics in Turkey: the 2007 presidential elections and beyond.“ *International Affairs*, 83(1):357-371.
- Tank, Pinar. 2005. „Political Islam in Turkey: A State of Controlled Secularity“ *Turkish Studies*, 6(1):3-19.
- Yavuz, M.Hakan. 2009. *Secularism and Muslim Democracy in Turkey*. 1. Útg. Cambridge: Cambridge University Press.
- Yazici, Serap. 2010. „Turkey’s Constitutional Amendments: Between the status quo and Limited Democratic Reforms.“ *Insight Turkey*, 12(2):1-10.
- Yildiz, Ahmet. 2003. „Politico-Religious Discourse of Political Islam in Turkey: The Parties of National Outlook.“ *The Muslim World*, 93:187-202.
- Zurcher, Erik J. 2010. *Turkey: A Modern History*. 3. útg. London: I.B.Tauris & Co Ltd.